

Priðjudaginn 4. desember 1973.

Nr. 114/1973: **Ákærvaldið**

(Jónatan Sveinsson saksóknari ríkisins ad hoc)
gegn

Haraldi Ólafssyni

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Tilraun til manndráps. Líkamsmeiðingar. Brot gegn 220. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sakarefni er rækilega lýst í héraðsdómi. Viðbótarrannsókn hefur eigi farið fram eftir uppkvaðningu héraðsdóms, og engin ný gögn hafa komið fram fyrir Hæstarétti.

Hér á eftir verður fyrst vikið að aðdraganda að brotum þeim, sem ákærði er sóttur til refsingar fyrir að hafa framið hinn 14. janúar 1973, en síðan verður veitt úrlausn um hvert einstakt ákæruefni í sömu röð og í þeim kafla héraðsdóms, sem ber fyrirsögnina „Niðurstöður“.

I.

Aðdragandi að brotum þeim, sem ákærði framdi hinn 14. janúar 1973.

Í héraðsdómi er rækileg lýsing á hjúskaparsambúð ákærða og Báru Magnúsdóttur og fjölskylduerjum ýmiss konar. Þar eru og raktar skýrslur um hótanir, sem ákærði er talinn hafa haft í frammi í garð fyrrverandi tengdamóður sinnar, Elínar Ólafsdóttur, og fyrrverandi eiginkonu sinnar, Báru Magnúsdóttur. Verður að ætla, að hann hafi borið þungan hug til þeirra um þessar mundir og muni það viðhorf hafa magnast, er hann frétti, að Bára hefði stofnað til festa og að unnusti hennar dveldist með henni hér á landi, en þau komu hingað til lands 10. janúar 1973.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, ok ákærði sunndag 14. janúar 1973 laust eftir klukkan 1 e. h. í leigubífreidd frá heimili sínu, Víðimel 32 í Reykjavík, að húsinu Nökkvavogi 62. Fór hann þar inn um opinn glugga í mannlauðri íbúð og hafði á brott með sér að ófrjálsu tvíhleypta haglabyssu ásamt skotfærabelti með skotum, er þar voru geymd. Skýrir eigandinn, Snorri Jens Ólafsson, svo frá, að ákærði hafi um það bil klukkan 12 á hádegi rætt við sig tvívegis í síma og í síðara samtali hafi hann óskað eftir að fá haglabyssu hans að láni, þar sem hann hygðist fara á fuglaveiðar. Snorri Jens kveðst hafa hafnað tilmælum ákærða. Hann réð það af tali ákærða, að hann væri undir áhrifum áfengis. Bifreiðarstjóri sá, Sigurður Tómas Sigurbjarnarson, er ok ákærða, telur hann hafa verið ölvaðan eða jafnvel mikið ölvaðan og öran, er hann kom í bifreið hans, en hann ber einnig, svo sem rakið er í héraðsdómi, að ákærði hafi tvívegis, meðan á ökuferð stóð, drukkið úr áfengisflösku, er hann hafði meðferðis, og í annað skiptið hafi hann drukkið drjúgum. Vitnið Sigurður Tómas sá ákærða koma með byssuna frá húsinu Nökkvavogi 62, og hafði ákærði byssuna með sér í bifreiðinni á leiðarenda, en Sigurður Tómas ok honum að húsi við Yrsufell í næsta nágrenni við Yrsufell 11.

II.

Atferli ákærða í húsinu Yrsufelli 11 í Reykjavík.

II.1. Atferli ákærða við og í íbúð Elínar Ólafsdóttur.

Í héraðsdómi er lýst ítarlega aðkomu ákærða að húsinu Yrsufelli 11 og aðdraganda að því, að hann komst upp á fjórðu hæð hússins, þar sem fyrrverandi tengdamóðir hans, Elín Ólafsdóttir, bjó ásamt syni sínum, Þórhalli Ölver Gunnlaugsyni, og þremur öðrum börnum. Um þetta leyti bjuggu enn fremur hjá henni dóttir hennar, Bára Magnúsdóttir, sem fyrr greinir, ásamt syni þeirra ákærða svo og unnusti Báru, Finn Jensen. Þegar ákærði kom að íbúð þessari, voru þar fyrir Elín Ólafsdóttir og Þórhallur Ölver, en aðir þeir, sem þar bjuggu þá, voru fjarverandi. Er ákærði hringdi dyrabjöllu íbúðarinnar, varð Þórhallur Ölver til að ljúka upp. Sannað þykir, að ákærði hafi gert sig líklegan til að ryðjast inn í

íbúðina og hafi beint byssuhlaupi inn um dyragættina. Tókst þeim mæðginum að loka hurðinni þrátt fyrir harða andstöðu ákærða. Skaut ákærði þá nær umsvifalaust skoti gegnum hurðina með þeim afleiðingum fyrir þau Elínu og Þórhall Ölver, sem greint er frá í héraðsdómi, en þau stóðu bæði rétt fyrir innan hurðina. Braut ákærði sér að svo búnu leið inn í íbúðina og veittist að Elínu með skothríð, svo sem rakið er í héraðsdómi, en Þórhalli Ölver auðnaðist að komast undan og leita hjálpar.

Eftir að Elínu tókst að komast undan ákærða út úr íbúð sinni og meðan hún hljóp niður stiga, skaut ákærði skoti á eftir henni, og verður að miða við, að hann hafi ekki hæft hana, svo sem í ákæruskjali segir. Benda sakargögn til þess, að Elín hafi verið komin niður í miðjan stiga, er skotið reið af. Um atburði þessa verður að leggja framburð vitnisins Elínar Ólafsdóttur til grundvallar dómi í málinu, en hann fær stoð í framburði vitnisins Ingveldar Magnúsdóttur og í framburði annarra vitna, sem greinir í héraðsdóminum, um skothríð í íbúð Elínar og í stigagangi. Ákærði hefur staðfastlega neitað því að muna nokkuð um ferð sína að Yrsufelli 11 og um atburði, er þar urðu.

Ófrjáls taka ákærða á haglabyssu og skotfærum verður eigi skýrð á annan hátt en þann, að á þeim tíma, er hann komst yfir skotvopnið og skotfærin, hafi búið með honum sá ásetningur að nota skotvopnið til ofríkisverka í eða við íbúð fyrrverandi tengdamóður sinnar, en þangað hélt hann rakleiðis frá þeim stað, er hann tók skotvopnið og skotfærin. Ákærði skirrðist ekki við að skjóta gegnum hurð að íbúð Elínar Ólafsdóttur, þótt langlíklegast væri, að fólk væri innan við hurðina og að það yrði fyrir skothríðinni, miðað við skotstyrkleika byssunnar og gerð hurðarinnar. Þegar virt er allt atferli ákærða, áður en hann hóf skothríðina, svo og háttsemi hans þar næst á eftir, verður að telja, að það hefði eigi aftrað honum í að skjóta, þótt honum hefði verið ljóst, að skothríðin drægi til líftjóns. Atferli hans, það er nú var lýst, og aðför hans og skothríð að Elínu Ólafsdóttur í íbúð hennar og eftir að hún komst út úr henni, þykir samfellt varða hann refs-

ingu samkvæmt 211., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Verður honum eigi jafnframt refsað samkvæmt 220. gr., 4. málsg., og eigi heldur samkvæmt 217. gr. alm. hegningarlaga.

II.2. Atferli ákærða við og í íbúð Sigrúnar Indriðadóttur, Yrsufelli 11.

Sannað er, að ákærði ruddist inn í íbúð Sigrúnar Indriðadóttur, og beindi hann þar í fyrstu byssu þeirri, sem hann hafði meðferðis, að Sigrúnu. Hafsteinn Jósefsson bifvéla-virkjameistari leitaði ásamt konu sinni, syni og gesti, sem hjá þeim hjónum var, inn í íbúð Sigrúnar, svo sem greinir í héraðsdómi. Er hann sá aðför ákærða að Sigrúnu, greip hann um byssuhlaupið og steig fram eitt skref til að ýta byssuhlaupinu niður að gólfi. Í sömu andrá hljóp skot úr byssunni og hæfði Hafstein í hægra fót. Hlaut hann mikla áverka, og varð ekki umflúið að nema fótinn af fyrir ofan hné með skurðaðgerð, sem framkvæmd var samdægurs á Borgarsjúkrahúsinu. Í beinu framhaldi af greindu atferli ákærða gagnvart Hafsteini Jósefssyni stökk Ólafur Ögmundsson á ákærða og tókst að hafa hann undir og afvopna, svo sem nánar er lýst í héraðsdómi.

Pegar ákærði ruddist inn í íbúð Sigrúnar Indriðadóttur, voru þar fyrir auk hennar Hafsteinn Jósefsson, kona hans með 5 ára barn þeirra hjóna, Ólafur Ögmundsson, sem fyrr er getið, og tvö börn Sigrúnar, 3 og 10 ára.

Í ákæruskjali er brot ákærða gagnvart Hafsteini Jósefssyni talið varða aðallega við 211., sbr. 20. gr., en til vara við 218. gr. almennra hegningarlaga. Fallast verður á þá úrlausn héraðsdóms, að varhugavert sé að telja sannað, að háttsemi ákærða varði við 211., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Skýrslur þeirra Hafsteins Jósefssonar og Ólafs Ögmundssonar um aðdraganda að því, að skotið hljóp úr byssunni í fót Hafsteins, eru, svo sem eðlilegt má telja í því uppnámi, sem menn voru, og vegna hinnar hröðu atburðarásar, ekki rækilegar um það, hvort eða hversu ákærði hafi miðað byssunni að Hafsteini. Hljóta vafaatriði að metast í þessu efni ákærða í hag, sbr.

meiginreglu 108. gr. laga nr. 82/1961, nú 108. gr. laga nr. 73/1973, og ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að þessi brotþáttur varði ákærða refsingu samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga. Heimilt er að dæma áfall samkvæmt því ákvæði, þótt ekki sé það greint í ákæruskjali, sbr. 118. gr. laga nr. 82/1961, sbr. nú 118. gr. laga nr. 73/1973. Atferli ákærða í íbúð Sigrúnar Indriðadóttur varðar auk þess við 220. gr., 4. málsg., almennra hegningarlaga, svo sem í héraðsdómi greinir.

III.

Heimildarlaus taka ákærða á haglabyssu og skotfærum í íbúð Snorra Jens Ólafssonar, Nökkvavogi 62.

Eigi þykir sannað, að með ákærða hafi búið sá ásetningur að kasta eign sinni á ofangreint skotvopn eða skotfæri. Ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga. Í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur 31. janúar 1973 lýsti eigandi skotvopnsins og skotfæranna, Snorri Jens Ólafsson, því, að hann gerði ekki „að sinni“ kröfur á hendur ákærða „fyrir innbrot hans og töku á byssu og skotfærabelti“. Samkvæmt þessu verður ákærða eigi gerð refsing fyrir brot á 259. gr., 2. málsg., sbr. lög nr. 20/1956, 1. gr., sem hér á við, með því að 4. málsg. 259. gr. áskilur, að refsikrafa komi fram frá þeim, er misgert er við.

IV.

Akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis.

Brot ákærða í þessum þætti ákæruskjals er sannað, og varðar það við 2., sbr. 4. málsg. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 80. gr. þeirra laga, svo og við 24., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Hefur ákvæði 24. gr. áfengislaga hvorki beint né óbeint verið úr gildi fellt, en það helgast af langri dómvenju að beita ákvæðum bæði umferðarlaga (bifreiðalaga) og áfengislaga um akstur bifreiða undir áhrifum áfengis í sakarefnum, sem hliðstæð eru þessu.

V.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði teljist sak-

hæfur, og leysir áfengisneyzla hans hann ekki undan refsingu, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir skilorðsdómi þeim, er ákærði sætti 13. júní 1972 í Frederiksberg birkeret í Danmörku, og ber að fallast á þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi rofið skilorð samkvæmt þeim dómi. Refsiákvæði þau í dönsku hegningarlögunum, sem atferli ákærða er talið varða við í dóminum frá 13. júní 1972, eru í hvívetna sama efnis og 226. gr., 1. málsg., og 223. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber nú að refsa ákærða í einu lagi fyrir brot þau, sem hann var dæmdur fyrir hinn 13. júní 1972, og fyrir brot þau, sem dæmt hefur verið um hér að framan, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, svo sem það ákvæði er orðað með lögum nr. 22/1955, 7. gr., sbr. og 5. gr., 2. tölulið, almennra hegningarlaga og lög nr. 69/1963, 9. gr. Lagt er til grundvallar dómi, að atferli ákærða, sem um er fjallað í dóminum 13. júní 1972, varði við 226. gr., 1. málsg., og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar ber m. a. að hafa í huga þær fjölskylduerjur, sem sakargögn bera vott um, og jafnframt að atferli ákærða var stórháskalegt og leiddi til hörmulegs líkamstjóns.

Refsing ákærða er með vísan til 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga ákveðin 8 ára fangelsi. Gæzluvarðhaldsvist hans frá 15. janúar 1973 skal koma til frádráttar refsingu hans, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga, en að auki komi til frádráttar gæzluvarðhaldsvist sú í 26 daga, er hann sætti í Danmörku, svo sem lýst er í héraðsdómi.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. málsgrein 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 er ákærði sviptur ökuleyfi sínu ævilangt frá 31. júlí 1972 að telja.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, kr. 100.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 150.000.00.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Haraldur Ólafsson, sæti fangelsi 8 ár. Gæzluvarðhaldsvist hans í Danmörku í 26 daga komi refsingu til frádráttar svo og gæzluvarðhaldsvist hans hér á landi frá 15. janúar 1973.

Ákærði er frá 31. júlí 1972 sviptur ökuleyfi sínu ævi-langt.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 100.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 150.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. júlí 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 10. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í dómsal hegningarhússins við Skólavörðustíg, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 358/1973: Ákærvaldið gegn Haraldi Ólafssyni, sem tekið var til dóms 28. f. m.

Sakarefni.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 14. maí s.l., gegn Haraldi Ólafssyni, Víðimel 32 hér í borg, nú gæzlufanga í hegningarhúsinu, fæddum 19. ágúst 1946, fyrir brot gegn ýmsum ákvæðum alm. hegningarlaga og áfengis- og umferðarlögum. Auk eiginlegs ákæruefnis geymir ákæruskjalið allrækilega atvikalýsingu, og verður nú meginmál þess tekið upp í heild:

„I. Hegningarlagabrot.

Ákærða er gefið að sök að hafa laust eftir kl. 13.00 sunnudaginn 14. janúar 1973 eftir að hafa farið með leigubifreið frá heimili sínu, Víðimel 32, Reykjavík, að Nökkvavogi 62, þar sem hann lét bifreiðina bíða stundarkorn, farið þar inn í mannlausu íbúð Snorra Jens Ólafssonar og tekið þar og haft á brott með sér tvíhleypta haglabyssu af gerðinni L.I.G. cal. 12 og auk þess skotfærabelti, sem hafði að geyma tugi haglaskota. Ákærði lét síðan aka sér

að fjölþýlishúsinu nr. 11 við Yrsufell í Breiðholti, þar sem hann yfirgaf bifreiðina, girtur skotfærabeltinu og með haglabyssuna í höndum. Ákærði hringdi útídyrabjöllu hússins, var hleypt inn, og hélt hann þá rakiðis upp á 4. hæð, þar sem fyrrverandi tengdamóðir hans, Elín Bjarnveig Ólafsdóttir, bjó ásamt börnum sínum. Ákærði staldraði við á stigapalli fyrir framan íbúðina og hlóð þar byssuna, en hringdi síðan dyrabjöllu íbúðarinnar. Þegar íbúðinni var lokið upp af 14 ára syni Elínar Bjarnveigar, Þórhalli Ölver Gunnlaugssyni, hugðist ákærði ryðjast þar inn og mundaði byssuna jafnframt inn í dyragættina, en Þórhalli Ölver og Elínu Bjarnveigu, sem voru fyrir í íbúðinni, tókst að bægja ákærða frá dyrunum, loka hurðinni og læsa. Ákærði skaut þá, umsvifalaust, einu skoti gegnum hurðina, þar sem Elín Bjarnveig og Þórhallur Ölver stóðu innan við, og þyrluðust yfir þau högl og tréflísar, sem særðu þau bæði. Ákærði sparkaði síðan upp hurðinni og ruddist inn í íbúðina, þar sem Elín Bjarnveig var þá ein fyrir, en Þórhallur Ölver hafði komið á milli svala inn í næstu íbúð við hliðina. Ákærði miðaði stöðugt byssunni á Elínu Bjarnveigu, en hún hörfaði undan ákærða inn í eldhúsið og tókst að loka á eftir sér hurðinni og leggjast á hana. Ákærði lét þá tvö skot ríða af gegnum eldhúshurðina, og varð Elín Bjarnveig fyrir mikilli haglahríð, sem lenti einkum í vinstra læri hennar, kvið og hendi, sem mikið blæddi úr. Ákærði ruddist að því búnu inn í eldhúsið og gerði sig líklegan til að skjóta enn á ný á Elínu Bjarnveigu jafnframt því sem hann hótaði henni lífláti, en henni tókst að ná haldi á byssunni, og eftir nokkrar stimpingar tókst henni að komast út úr íbúðinni undan ákærða og niður á næstu hæð fyrir neðan, en ákærði skaut einu skoti á eftir henni, sem hæfði hana þó ekki. Elín Bjarnveig leitaði skjóls í íbúð Hafsteins Jósefssonar á 3. hæð, en Hafsteinn og fjölskylda hans ásamt Ólafi Ögmundssyni, sem var gestkomandi á heimili Hafsteins, höfðu flúið inn í íbúð Sigrúnar Indriðadóttur, sem er við hliðina á íbúð Hafsteins, þaðan sem lögreglunni var gert viðvart um atburðina, sem íbúar hússins höfðu orðið áskynja um. Ákærði hlóð nú byssuna á ný og lagði leið sína niður á 3. hæð hússins, þar sem hann sparkaði upp hurðinni að íbúð Sigrúnar, ruddist inn og gerði sig líklegan til að skjóta á það fólk, sem þar var fyrir, en það bað ákærða ákaft að skjóta ekki. Hafsteini Jósefssyni tókst þá að grípa um byssuhlaupið og sveigja það lítið eitt niður, en um leið lét ákærði skot ríða af, sem lenti ofarlega í hægra fæti Hafsteins og tætti fótinn í sundur. Samtímis því að Hafsteinn féll, tókst Ólafi Ögmunds-

syni að stökkva á ákærða og hafa hann undir og afvopna hann. Í þann mund kom lögreglan á vettvang og handtók ákærða.

Hafsteinn Jósefsson hlaut, svo sem áður er vikið að, mikla áverka á hægri fót, svo að taka varð fótinn af nokkuð fyrir ofan hné. Elín Bjarnveig Ólafsdóttir hlaut verulega áverka, einkum innanvert á vinstra læri og kvið, þar sem mörg högl höfðu gengið inn, sem varð að fjarlægja með skurðaðgerðum. Þórhallur Ölver Gunnlaugsson hlaut áverka á brjóst, sem ekki reyndust alvarlegir. Auk þessa skapaði ákærði svo með skothríðinni mikinn ótta og uppnám meðal íbúa fjölbýlishússins.

Þykir ákærði með atferli því, sem að framan hefur verið rakið, hafa gerzt brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með eftirgreindum hætti:

1. Við 211. gr., sbr. 20. gr., með aðförinni að Elínu Bjarnveigu, en til vara við 218. gr. — eða 1. mgr. 217. gr. — og 4. mgr. 220. gr.

2. Við 211. gr., sbr. 20. gr., með aðförinni að Hafsteini Jósefsyni, en til vara við 218. gr. með þeim áverkum, sem ákærði olli Hafsteini.

3. Við 1. mgr. 217. gr. með áverkum þeim, sem ákærði olli Þórhalli Ölver.

4. Við 4. mgr. 220. gr. með aðförinni að fólkinu í íbúð Sigrúnar og framanlýstri meðferð ákærða á skotvopni innan veggja fjölbýlishússins.

5. Við 244. gr. með stuldinum á byssunni og skotfærunum að Nökkvavogi 62.

II. Áfengis- og umferðarlagabrot.

Þá er ákærða ennfremur gefið að sök að hafa, miðvikudagskvöldið 21. júní 1972, undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 26023 frá veitingahúsinu Naust við Vesturgötu í Reykjavík austur Hafnarstræti og Hverfisgötu, allt þar til hann varð stöðvaður af lögreglumönnum gegnt Landsbókastafninu.

Telst þetta varða við 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

III. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, til greiðslu skaðabóta, eftir því sem krafist verður, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Fjárröfur hafa ekki verið hafðar uppi í máli þessu.

Málsatvik.

A. Klukkan 1357 sunnudaginn 14. janúar s.l. var hringt á lög-reglustöðina í Árbæjarhverfi í Reykjavík frá fjarskiptastöð lög-reglunnar, en þangað hafði verið hringt klukkan 1355 frá Yrsufelli 11, og beðið um skjóta aðstoð vegna manns, sem væri á efstu hæð hússins með byssu og væri að skjóta á fólk. Lögreglumenn-irnir Finnbogi Sigurðsson og Jón Þór Þorbergsson, sem báðir voru á lögreglustöðinni í Árbæjarhverfi, hröðuðu sér á staðinn, og þegar þeir komu þangað, var búið að afvopna manninn. Hafði Ólafur Snævar Ögmundsson, Stigahlíð 24, náð yfirhöndinni yfir honum og hélt honum liggjandi á gólfinu á Stigagangi á 3. hæð. Hand-járnuðu Finnbogi og Jón Þór manninn, ákærða Harald Ólafsson. Var hann síðan fluttur í fangageymsluna að Hverfisgötu 113 og þaðan í hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Var ákærði yfirheyrður í dómi næsta dag, en bæði þá og síðar hefur hann borið við algeru minnisleysi um það, sem gerðist að Yrsufelli 11. Að Yrsufelli 11 urðu fyrir meiðslum fyrrverandi tengdamóðir ákærða, Elín Bjarnveig Ólafsdóttir, sonur hennar, Þórhallur Ölver, og Hafsteinn Jósefsson.

B. Verða nú raktir framburðir vitna þeirra, sem komið hafa fyrir dóm og borið um komu ákærða í húsið nr. 11 við Yrsufell greindan dag og það, sem þá gerðist.

Vitnið Gréta Garðarsdóttir Viborg, húsmóðir, Yrsufelli 11, segir, að dyrasímanum í íbúð hennar á 1. hæð hafi verið hringt sunnudaginn 14. janúar s.l. laust fyrir klukkan 1400. Fór hún í símann, og var karlmaður við dyrnar, sem bað um, að sér yrði hleypt inn. Gréta fór fram í forstofuna og sá, að við útidyrnar var maður, sem henni virtist dauðadrukinn. Hún opnaði því ekki dyrnar. Stuttu síðar var hringt aftur, en Gréta fór ekki í símann strax. Þegar hún fór í símann, heyrði hún, að einhver var að opna hurðina með rafmagni. Á meðan hún var að hlusta í símann, skutust tvö börn hennar fram í stigann. Þegar Gréta fór úr símanum, fór hún fram í dyragættina til að kalla í þau, og þá sá hún, að maðurinn var kominn inn í forstofuna og að stigapallinum, sem er neðstur í forstofunni. Sá Gréta, að maðurinn hélt á byssu, sem beindist niður. Fór hún þá inn og kallaði í mann sinn, Sigurð Charles Bergsson, sem kom fram í dyragættina og sagði, að þetta væri hann Halli. Þegar hér var komið, var ákærði að ljúka við að loka byssunni. Náði eiginmaður Grétu í börnin, og um svipað leyti fór ákærði upp stigann með byssuna. Gréta og eiginmaður hennar fóru inn í íbúðina og hringdu þau bæði, sitt í hvoru lagi, í

lögregluna og tilkynntu, að maður væri með byssu í húsinu. Gréta hringdi, þegar hún hafði heyrt tvo skothvelli, en áður var Sigurður Charles búinn að hringja. Gréta heyrði a. m. k. 6 skothvelli. Ekki fór Gréta eða fjölskylda hennar upp í húsið, á meðan ákærði var þar.

Vitnið Sigurður Charles Bergsson var á heimili sínu laust fyrir klukkan 14 greindan dag. Var þá hringt dyrasímanum, og fór kona hans í símann. Sagði hún honum, að fullur maður væri við dyrnar. Sigurður Charles leit fram í ganginn rétt á eftir og sá þá mann með byssu í innri forstofu hússins, og sneri hlaupið niður, en maðurinn var að loka byssunni. Sá Sigurður Charles, að maðurinn var ákærði, sem Sigurður Charles kannaðist við með nafni. Virtist ákærði ölvaður, og gaf Sigurður Charles sig ekkert að honum. Sigurður Charles fór fljótlega inn til sín aftur, og var ákærði þá kominn á leið upp stigana. Sigurður Charles hringdi í 11166 til lögreglunnar og kona hans aftur síðar.

Vitnið Elín Bjarnveig Ólafsdóttir, tengdamóðir ákærða, var greindan sunnudag í íbúð sinni á 4. hæð til hægri í Yrsufelli 11 ásamt syni sínum, Þórhalli Ölver, en í íbúðinni bjuggu auk þeirra þrjú önnur börn hennar, sem ekki voru heima. Þá voru dveljandi hjá þeim í íbúðinni Ásdís Bára Magnúsdóttir, dóttir hennar, sonur hennar, Ólafur Finnbogi, og unnusti Ásdísar Báru, Finn Jensen. Þau þrjú voru öll fjarverandi. Ásdís Bára, sonur hennar og unnusti komu frá Danmörku nokkrum dögum áður, en í Danmörku hafði Ásdís Bára verið frá því í maí 1972.

Elín Bjarnveig var í eldhúsinu að ganga frá eftir matinn. Hjá henni hafði sonur hennar verið. Hafði hún spurt hann, hvort hann vildi koma með henni í kaffiboð suður í Hafnarfjörð. Vildi hann það, og sagði hún honum þá að fara og skipta um föt. Í sama mund og Þórhallur Ölver gekk úr eldhúsinu og fram í innri forstofuna, var hringt dyrabjöllunni við íbúðardyrnar. Heyrði Elín Bjarnveig, að Þórhallur Ölver opnaði dyrnar og heyrði jafnframt stimpingar. Leit hún þá fram og sá, að Þórhallur Ölver og ákærði voru að stimpast um eitthvert brúnt skaft. Sá hún Þórhall Ölver halda báðum höndum um skaftið. Hjóp hún þá fram og ýtti á ákærða og skaftið, sem hún sá þá, að var byssa. Tókst þeim í sameiningu að ýta ákærða út úr dyrunum og skella í lás. Var Elín Bjarnveig hurðarhúnsmegin við hurðina og hélt um húninn, en Þórhallur Ölver stóð lamarmegin við hana. Voru þau bæði fyrir dyrunum, en ekki í vari við þær, enda ekkert pláss til slíks. Alveg í sömu andrá reið af skot, og flísar og högl dreifðust um forstofuna. Þessu veitti hún

þó ekki athygli þá, en sá hins vegar gatið á hurðinni og fann púð-urlyktina. Hörfaði Elín Bjarnveig að baðherbergisdyrunum, en Þórhallur Ölver inn í stofuna. Hrópaði hún þá á Þórhall Ölver að flýja, og jafnframt hrópaði hún á hjálp og hljóp einnig að dyrunum aftur og reyndi að halda við þær, en stöðugt gengu högg á hurðina. Eftir örskamma stund hrukku dyrnar upp, og ákærði kom inn í forstofuna. Um leið og dyrnar hrukku upp, heyrði Elín Bjarnveig, að Þórhallur Ölver skellti svalahurðinni. Sjálf hrökklaðist hún undan ákærða og upp að vegg í forstofunni. Staðnæmdist hún við þann hluta veggjarins, sem er á milli eldhús- og baðdyra, aðeins nær eldhúsdyrunum. Miðaði ákærði á hana byssunni, og beindist hlaupið að henni fyrir neðan mitti. Ákærði var spariklæddur í fráhneptum dökkum frakka, og sá hún, að hann var spenntur belti, sem í var skot við skot. Fram að þessu hafði ákærði ekki mælt orð frá munni. Ákærði staðnæmdist í baðdyrunum og beindi stöðugt byssuhlaupinu að Elínu Bjarnveigu. Þegar hér var komið, heyrði Elín Bjarnveig, að kona hrópaði í dyrunum. „Óður maður með byssu, guð hjálpi mér, hringið í lögregluna.“ Sá hún konuna í svip og sá, að það var Ingveldur, kona Hafsteins Jósefssonar. Ákærði leit við og fram í dyrnar, og notaði Elín Bjarnveig tækifærið og skaut inn í eldhúsið og ætlaði að læsa. Á meðan hún var að ýta læsingarhnappnum inn, reið af skot, og fingurinn splundraðist, án þess þó að hún fyndi til. Þá telur Elín Bjarnveig sig hafa jafnframt fengið högl í vinstra lærið. Hún fékk högl í handleggina, þegar ákærði skaut fyrst á íbúðardyrnar. Elín Bjarnveig hélt áfram að halda í hurðarhúninn og hrópaði sífellt á hjálp. Eftir örskamma stund skaut ákærði aftur í gegnum hurðina, og þá fékk hún högl í kviðinn. Elín Bjarnveig man ekki glögglega eftir því, sem næst gerðist, en minnti þó, að eitt skot enn hefði riðið af. Hætti hún þá hrópum sínum og slepti hurðinni. Kom ákærði þá inn með því að spyrna upp hurðinni. Þá fyrst tók hann til máls og spurði, hvar Ásdís Bára væri. Virtist ákærði ekki mikið drukinn, en rauður í andliti með tryllingslegt augnaráð. Hann virtist ekki hafa fullt vald á hreyfingum sínum. Sagði Elín Bjarnveig, að Ásdís Bára væri úti, en hann sagði hana ljúga. Þá spurði hún ákærða, hvers vegna hann gerði þetta og sýndi ákærða skotsárin á lærinu. Þá sagði hann glottandi: „Nú ertu orðin fínt útfífluð og átt bara eftir að fá það á trýnið.“ Um leið miðaði ákærði á hana byssunni og í andlitið. Elín greip þá um hlaupið og gat beint byssunni upp. Stimpuðust þau um byssuna, og tókst ákærða í stimpingunum að losa tak hennar, og í því rak hann skeftið

undir hægra brjóstið á henni, en þá fann hún fyrsta sársaukann. Í upphafi stimpinganna var Elín Bjarnveig innar í eldhúsinu, en eftir að skeftið á byssunni hafði rekizt í hana, var staða þeirra sú, að ákærði stóð innar í eldhúsinu, og beindist byssuhlaupið upp að eldhússkápunum. Við sársaukann af högginu reiddist Elín Bjarnveig verulega og fékk aukinn kraft. Réðst hún á ákærða, og í þeim átökum hrasaði ákærði innar í eldhúsið, og tókst henni þá að skjótast út úr eldhúsinu, út úr íbúðinni og niður stigann. Þegar hún var komin niður í miðjan stigann, skaut ákærði aftur, og þá telur Elín Bjarnveig sig hafa fengið högl í utanverða hægri mjöðm. Missti hún af sér báða skóna á leiðinni niður stigann. Á næstu hæð fór hún inn í íbúð Hafsteins Jósefssonar, sem var ólæst. Ætlaði hún að flýja út um svaladýrnar sömu leið og Þórhallur Ölver notaði til undankomu í íbúð hennar. Hún gat ekki opnað hurðina og hljóp þá inn í svefnherbergi íbúðarinnar og opnaði þar glugga. Fór hún þá að hugleiða, hvernig hún gæti hent sér út án þess að slasa sig of mikið, en ekki gat hún hugsað sér að láta skjóta meira á sig. Var hræðslan þá fyrst farin að ná tökum á henni. Eftir 1—2 mínútur heyrði hún aftur skot og hélt þá, að ákærði væri að skjóta upp dýrnar á íbúðinni, sem hún var í. Ætlaði hún þá út um gluggann og hafði beygt sig niður og sett annan fótinn út í þeim tilgangi. Heyrði hún þá mann hljóða frammi. Hætti hún þá við að fara út um gluggann og ætlaði fram, en þá brast hana kjark, þar sem henni flaug í hug, að einhver sona hennar hefði komið heim og orðið fyrir skoti. Ætlaði hún þá út um gluggann, en sá þá, að lögreglan var að koma. Jafnframt heyrði hún konu hrópa, að búið væri að afvopna manninn. Fór Elín Bjarnveig þá fram á ganginn og sá Hafstein Jósefsson í blóði sínu við dýrnar í næstu íbúð. Auk þess sá hún, að einhver maður sat eða lá ofan á ákærða á ganginum.

Vitnið Þórhallur Ölver Gunnlaugsson ætlaði að fara að skipta um fót, þegar dyrabjöllunni var hringt, og fór hann til dyra. Um leið og hann opnaði, sá hann byssuhlaup koma inn í gættina, og í framhaldi af því sá hann, að þar var ákærði á ferð. Ýtti Þórhallur Ölver byssuhlaupinu út ásamt móður sinni og læsti hurðinni aftur. Þórhallur Ölver kvaðst í upphafi hafa gert þetta einn, en kvaðst ekki draga í efa, að móðir hans hefði aðstoðað hann við þetta. Hann hefði verið í svo miklu uppnámi, að hann hefði ekki tekið eftir henni fyrir það. Þórhallur Ölver var að snúa sér frá dyrunum, er ákærði skaut í gegnum hurðina. Stóð Þórhallur Ölver lamamegin við hurðina, þegar skotið reið af. Eftir að skotið reið

af, hljóp Þórhallur Ölver þegar inn í stofu og út á svalir og þaðan yfir á næstu svalir og aftur á þar næstu svalir og inn í íbúð Finnbjörns Finnbjörnssonar. Svalahurðin hjá Finnbirni var læst, og á meðan Þórhallur Ölver barði á hurðina, veitti hann því athygli, að hann hafði blóðgast á brjóstinu, en hins vegar fann hann engan sársauka. Finnbjörn hringdi á lögregluna fyrst og síðar kona hans, en Þórhallur Ölver sagði þeim, að verið væri að skjóta móður sína, en þau voru þá þegar búin að sjá, að maður var í húsinu með byssu. Þórhallur Ölver taldi sig hafa heyrt 5 eða 6 skothvelli að þeim meðtöldum, sem fyrstur kom, á meðan hann var inni í íbúð móður sinnar. Þórhallur Ölver kom ekki út úr íbúðinni, fyrr en lögreglan kom, og fylgdi hann móður sinni á slysavarðstofuna.

Vitnið Finnbjörn Finnbjörnsson málari bjó á 4. hæð í Yrsufelli 11, og voru einar dyr á milli íbúðar hans og íbúðar Elínar Bjarnveigar. Í umrætt skipti heyrði Finnbjörn eins og skruðning í stig-
anum. Sat hann þá inni í stofu íbúðarinnar. Fór hann og opnaði dyrnar fram á ganginn. Sá hann þá, hvar maður, dökkhærður í dökkleitum frakka, stóð fyrir utan dyrnar að íbúð Elínar Bjarnveigar. Hélt maðurinn á hlauplangri byssu í hendi sér, og réð Finnbjörn af stellingum mannsins, að hann væri að hlaða byssuna. Kona Finnbjörns kom einnig fram í dyrnar, og ályktaði hún, að þarna væri fyrrverandi eiginmaður Ásdísar Báru á ferðinni. Þau hjónin fóru inn í íbúðina og læstu hurðinni. Hringdi Finnbjörn á lögregluna. Á meðan hann var að hringja, heyrði hann skothvelli. Sagði Finnbjörn lögreglunni, að maður væri staddur í húsinu með byssu og væri að skjóta. Í framhaldi af skothvellingum heyrði hann óp, og rétt á eftir var barið á svalahurðina. Var þar á ferð Þórhallur Ölver, sonur Elínar Ólafsdóttur. Var hann ofsahræddur, hélt um brjóstið og sagði, að verið væri að skjóta móður sína. Bað hann um, að hringt yrði á lögregluna. Finnbjörn hringdi þá öðru sinni og ítrekaði það, sem hann hafði áður sagt, en þá hafði hann heyrt fleiri skothvelli og meiri óp. Ekki gerði hann sér grein fyrir, hversu margir skothvellirnir urðu, en sagði, að þeir hefðu komið með jöfnu millibili.

Vitnið Ingveldur Magnúsdóttir húsmóðir var á heimili sínu á 3. hæð í Yrsufelli 11 laust fyrir klukkan 14 greindan dag. Heyrði hún þá einhvern háan hveli, sem kom ofan úr húsinu. Ingveldur fór þegar fram á gang ásamt þeim, sem í íbúðinni voru. Var þá fólk að koma fram á gang úr hinum íbúðunum. Um leið og Ingveldur kom fram á ganginn, heyrði hún hróp í konu um hjálp, og komu hrópin ofan af næstu hæð fyrir ofan. Ingveldur hljóp þá

þegar upp stigann og að dyrum íbúðar Elínar Bjarnveigar, sem var fyrir ofan íbúð hennar. Þegar hún kom í dyrnar, sá hún mann standa inni í baðinu með byssu í hendi, og beindist hlaup hennar aðeins niður á við. Maðurinn leit til Ingveldar, sem um leið sá Elínu Bjarnveigu skjótast inn í eldhúsið. Maðurinn sagði ekki orð, á meðan Ingveldur horfði á hann. Þegar Ingveldur kom niður, var ákveðið að fara inn í íbúð Sigrúnar Indriðadóttur, en þar var sími. Ingveldur hringdi síðan á lögregluna og bað um aðstoð. Eftir að Ingveldur kom inn í íbúðina, heyrði hún skothvelli, en getur ekki gert sér grein fyrir, hvað þeir voru margir. Eftir örsamma stund opnuðust dyrnar, og dyrastafurinn sprakk frá. Birtist þá maðurinn með byssuna. Var Ingveldur þá inni í stofunni með barn sitt og barn Sigrúnar. Ingveldur hörfaði út á svalirnar að fyrirskipun eiginmanns síns með börn sín, og Sigrún Indriðadóttir kom á eftir. Eldri dóttir Sigrúnar kom líka út á svalirnar. Eftir voru þá í íbúðinni auk ákærða eiginmaður Ingveldar og Ólafur Snævar Ögmundsson. Ingveldur heyrði í sömu andrá í eiginmanni sínum, að hann hrópaði, að hann hefði verið skotin og bað um hjálp. Ekki heyrði hún skothvelling, og enginn þorði inn í íbúðina í fyrstu. Þegar Ingveldur kom inn, sá hún, hvar eiginmaður hennar lá í blóði sínu í forstofunni, og þegar hún kom fram á stigapallinn, sá hún, hvar Ólafur Snævar Ögmundsson sat ofan á ákærða, sem ekki bærði á sér.

Vitnið Sigrún Þóra Indriðadóttir húsmóðir var á heimili sínu á 3. hæð í Yrsufelli 11 greindan dag. Heyrði hún hávaða, sem henni fannst koma ofan af næstu hæð. Ekki gerði hún sér grein fyrir því þá, að um skothvelli hefði verið að ræða. Þegar Sigrún Þóra kom fram, var komið fleira fólk fram á ganginn, og sá hún konu Hafsteins Jósefssonar á leið upp stigann. Kom hún aftur niður að vörmu spori æpandi og hrópaði, að hann væri að drepa þær. Sigrún Þóra fór inn í íbúð sína aftur ásamt því fólki, sem verið hafði í íbúð Hafsteins, og var hringt í lögregluna. Eftir að Sigrún Þóra kom inn í íbúðina, heyrði hún skothvelli, en gerði sér ekki grein fyrir, hversu þeir voru margir. Eftir stutta stund, sem henni fannst lengi að líða, opnuðust dyrnar allt í einu, og dyrastafurinn sprakk frá ásamt öryggislæsing, sem sett hafði verið á. Birtist þá maður í dyrunum, sem hélt byssu í hendi, sem hann beindi beint að Sigrúnu Þóru í brjósthæð, en hún stóð þá, þar sem koma saman stofa og forstofa íbúðarinnar. Hafsteinn Jósefsson og Ólafur Snævar Ögmundsson stóðu aftanvert á hlið við hana að hún taldi. Fyrir aftan þá eða aðeins innar í stofunni stóð kona Hafsteins

Jósefssonar ásamt 5 ára syni sínum og 2 börnum Sigrúnar Þóru, 10 ára og 3 ára. Sigrún Þóra fórnaði höndum og bað manninn að skjóta ekki sig eða aðra, sem í íbúðinni voru. Á þessari stundu vissi hún ekki, hvort maðurinn væri búinn að kjóta aðra uppi á loftinu. Dóttir hennar, 10 ára, fór að svaladyrunum og opnaði þær. Á eftir henni fór kona Hafsteins með hin börnin tvö. Sigrún Þóra fór síðust út á svalirnar. Allt gerðist þetta á örskammri stundu, og voru þau varla komin út á svalirnar, þegar Sigrún Þóra heyrði skothvell inni í íbúðinni. Þá heyrðist einhver hrópa að búið væri að skjóta Hafstein, og rétt í sömu andrá heyrðust einhver hróp, sem hún ekki skynjaði, hver voru, enda voru þær konurnar að hrópa á hjálp úti á svölunum. Kölluðu þær m. a., hvort lögreglan væri komin, og fengu þau svör innan úr húsinu, að svo væri. Þá fyrst fóru þær inn aftur og sáu Hafstein liggja í blóði sínu í forstofunni. Náði Sigrún Þóra í band inn í eldhús til að stöðva blóðrennslið. Þegar hún kom fram á stigapallinn sá hún Ólaf Snævar Ögmundsson liggja ofan á ákærða. Ekki heyrði Sigrún Þóra ákærða mæla orð frá munni, á meðan hún var í stofunni.

Vitnið Hafsteinn Jósefsson bifvélavirkjameistari var laust fyrir klukkan 14 inni í baðherbergi íbúðar sinnar að skipta um föt, en hann ætlaði til vinnu. Auk hans voru kona hans og yngsti sonur heima. Gestkomandi var vinnufélagi hans, Ólafur Snævar Ögmundsson, og var hann að drekka kaffi í eldhúsinu. Heyrðust þá skothvellingir ofan af næstu hæð og óp í konu. Kona hans var í miklu uppnámi, þegar hún kom inn í íbúðina. Ekki man Hafsteinn orðrétt, hvað hún sagði, nema hvað hún sagði eitthvað á þá leið, að verið væri að drepa konuna uppi. Þegar hún kom aftur, komu Hafsteinn og Ólafur Snævar Ögmundsson fram í íbúðardyrnar og sáu þá, að Sigrún Indriðadóttir, sem bjó í íbúðinni við hliðina, var komin fram í dyrnar. Hraðaði fólkið sér þá allt inn til hennar, þar sem þar var sími, en ekki í íbúð Hafsteins. Eftir skamma stund heyrðust skruðningar í stiganum, eins og einhver kæmi hratt niður stigann, og um svipað leyti heyrðist skothvellur. Stuttu eftir skruðningana í stiganum og skothvellinginn, sem þeim fylgdi, var dyrunum að íbúð Sigrúnar sparkað upp í einu vetfangi og upp á gátt. Vatt sér inn um leið maður, sem Hafsteinn hafði aldrei séð áður, og hélt byssu á lofti, sem hann miðaði á Sigrúnu Indriðadóttur, sem stóð framanvert við Hafstein. Á þessari stundu vissi Hafsteinn ekkert, hvar hitt fólkið var statt, nema hvað Ólafur Snævar Ögmundsson var einhvers staðar fyrir aftan hann. Hér gafst Hafsteini ekkert tækifæri til íhugunar, hann greip með báðum hönd-

um um byssuhlaupið og steig jafnframt eitt skref til að ýta byssuhlaupinu niður að gólfi. Í sömu andrá hljóp skot úr byssunni, og Hafsteinn fann óskaplegan sársauka í hægri hnénu. Kallaði hann í Ólaf Snævar, að maðurinn hefði skotið undan sér fótinn. Hafsteinn hékk á byssuhlaupinu örskamma stund, en þá henti Ólafur Snævar sér yfir Hafstein á byssumanninn. Bárust síðan átök þeirra fram úr íbúðinni og að handriðinu á stigapallinum fyrir framan íbúðina. Þar sá Hafsteinn Ólaf Snævar ná byssunni af ákærða og kasta henni niður stigann. Hafsteinn missti aldrei meðvitund og bað um snæri til að stoppa blóðrásina. Rétt á eftir kom lögreglan. Hafsteinn heyrði ákærða aldrei mæla orð frá munni þann tíma, sem hann sá hann.

Vitnið Ólafur Snævar Ögmundsson bifvélavirki, Stigahlíð 24 í Reykjavík, var nýkominn inn í íbúð Hafsteins Jósefssonar og hafði sett inn í eldhús til að drekka kaffi, þegar óp, öskur og læti heyrðust ofan af næstu hæð. Ekki heyrði hann þó hvernig. Kona Hafsteins fór fram að aðgæta þetta og kom að vörmu spori aftur í miklu uppnámi og skýrði frá því, að vopnaður maður væri með byssu í íbúð Elínar Bjarnveigar Ólafsdóttur. Þegar kona Hafsteins kom aftur niður, voru Ólafur Snævar og Hafsteinn Jósefsson komnir fram í dyr íbúðarinnar. Einnig var fólk úr öðrum íbúðum komið fram á gang. Þegar kona Hafsteins var að koma aftur, heyrðust þrír eða fjórir skothvellingar. Hafsteinn bað fólkið að fara inn í íbúðir sínar. Sjálfur fór Ólafur Snævar upp í stigann, sem er á milli hæðanna. Heyrði hann þá skothvellingu og áráðði ekki að fara lengra. Ekki sá hann, hvað var að gerast inni í íbúðinni, en heyrði óp þar inni. Ekki varð hann þess var, að aðrir færu upp eða áleiðis upp úr hópi þeirra, sem niðri voru. Þegar hann kom niður úr stiganum, fór allt fólkið úr íbúð Hafsteins og Sigrúnar Indriðadóttur inn í hennar íbúð. Eftir stutta stund heyrðust skruðningur í stiganum og í framhaldi af þeim skothvellingum. Rétt á eftir var dyrum íbúðarinnar sparkað upp. Á sama andartaki var Ólafur Snævar við skáphorn, sem er þar, sem gangur og stofa íbúðarinnar mætast. Andspænis honum við hitt hornið, þar sem stofan og gangurinn koma saman, var eiginkona Hafsteins Jósefssonar. Hratt Ólafur Snævar henni í átt að svaladyrunum, en sjálfur skaut hann í var stofumegin við skáp þann, sem er þar, sem stofan og gangurinn koma saman. Ekki sá hann, hver kom inn í íbúðina. Hafsteinn Jósefsson stóð rétt hjá honum, aðeins innar í stofunni og andspænis ganginum. Ólafur Snævar tók ekki eftir Sigrúnu Indriðadóttur, en taldi, að hún hefði ekki verið langt

frá Hafsteini. Þaðan, sem Ólafur Snævar stóð, sá hann aðeins í byssuhlaup, en afstaða þess til hans var þannig, að hann gat ekki náð til þess, þar sem skápurinn veitti honum ekki svigrúm til þess. Hafsteinn steig fram eitt skref og sagði: „Skjóttu ekki drengur,“ og um leið tók hann með hægri hendi í framanvert byssuhlaupið, og sá Ólafur Snævar, að hlaupið beindist niður, og sjálfur beygði Hafsteinn sig um leið. Í sömu andrá hljóp skotið af. Þá var Ólafur Snævar ekki enn búinn að sjá manninn, sem hélt á bysinni. Um leið hljóp Ólafur Snævar framundan skápnum. Var þá Hafsteinn á hjánum og hálfhékkt utan í fötum byssumannsins, sem hafði aðeins hörfað aftur að dyrum íbúðarinnar. Ólafur Snævar horfði ekki á manninn, þar sem athygli hans beindist í fyrstu að Hafsteini, sem var að falla niður. Um leið og Ólafur Snævar birtist, beindist hlaup byssunnar að honum. Hann stökk einhvern veginn yfir Hafstein og greip um leið með vinstri hendi í byssuna, þ. e. hlaup hennar, en með hægri hendinni sló hann í andlit byssumannsins. Veitti hann mótþróa, og tókust þeir á um byssuna. Bárust átök þeirra fram á ganginn og að handriði á stigapallinum. Þar stöðvuðust þeir, og náði Ólafur Snævar bysinni af ákærða, sem við það veitti meiri mótþróa. Þorði Ólafur Snævar þá ekki annað en að láta byssuna detta niður stigaopið. Átök þeirra voru fangbrögð, en ekki barsmíð, og enduðu við uppgöngu á efri hæðina, en þar rakst ákærði að álitni Ólafs Snævars utan í stigahandriðið og datt. Eftir það var allri mótstöðu lokið hjá honum. Ólaf Snævar minnir, að ákærði hafi sagt, þegar hann náði af honum bysinni, að hann ætti að láta sig hafa hana. Annað sagði ákærði ekki. Ólafi Snævar virtist ákærði ekki drukinn að sjá. Hann sá þó vínfleyg, sem var í frakkavasa ákærða, innanverðum. Virtist hann tæplega axlafullur. Ólafur Snævar bar kennsl á ákærða, þegar þeir voru komnir fram á ganginn.

C. Einar Ásgrímsson varðstjóri, Breiðagerði 6 í Reykjavík, var við símann í lögreglustöðinni í Árbæjarhverfi, er þangað var hringt frá fjarskiptastöð lögreglunnar klukkan 1357 sunnudaginn 14. janúar s.l. og tilkynnt, að maður væri með byssu að skjóta að Yrsufelli 11. Á eftir fylgdu nokkrar símhringingar um sama efni, þ. e. aðstoð að Yrsufelli 11. Virtust þeir, sem hringdu, óðamála.

Vitnið Finnbogi Sigurðsson lögreglumaður var á lögreglustöðinni í Árbæjarhverfi greint sinn, og var hann sendur á staðinn ásamt öðrum lögreglumanni. Var ekið svo hratt sem hægt var. Giskar Finnbogi á, að þeir hafi verið 6—7 mínútur á leiðinni. Þegar þeir komu að húsinu, var fólk í gluggum hússins. Hrópaði

það til þeirra. Heyrði Finnbogi, að einhver hrópaði: „Loksins eruð þið komnir, og byssulausir, ætlið þið að láta hann skjóta ykkur. Flýtið ykkur, flýtið ykkur.“ Þetta var hrópað ofan úr gluggum á norðurhlið hússins. Útidyrnar voru læstar, en þeim var mjög fljótlega lokið upp með rafmagni innan úr einhverri íbúðinni. Hlupu þeir lögreglumennirnir síðan upp stigana, og á stigapalli, líklega á 3. hæð, lá maður ofan á öðrum manni. Var þeim sagt, að sá, sem undir væri, væri árásarmaðurinn. Var mikill æsingur í íbúum hússins og erfitt að henda reiður á, hvað hver um sig sagði. Þeir lögreglumennirnir létu það verða sitt fyrsta verk að færa árásarmanninn í járn. Fór félagi Finnboga síðan með ákærða út í lögreglubifreiðina, en Finnbogi fór að kanna, hverjir hefðu orðið fyrir slysi. Mjög fljótlega á eftir þeim lögregluþjónunum kom sjúkraliðið, og aðstoðuðu lögregluþjónarnir við að koma hinum slösuðu út, en um svipað leyti bar að aðra lögreglubifreið með liðsauka, og tóku þeir lögreglumenn við ákærða og fluttu hann á brott. Einhver færði Finnboga byssuna, en þá var hann staddur á 3. hæð hússins, og var það mjög fljótlega eftir að ákærði hafði verið færður út úr húsinu. Finnbogi fór með byssuna út úr húsinu, en hann sá, að hún var löskuð. Ekki var honum sagt, hvort í henni væru skot eða ekki, en hann handlék hana eins og í henni væru skot. Þegar Finnbogi kom með byssuna út á plan fyrir utan húsið, beindi hann byssunni niður og reyndi að opna hana, en um leið hljóp skot úr byssunni, án þess að hann kæmi við gikkinn. Hann afhenti síðan féлага sínum byssuna, sem setti hana í læsta geymslu í lögreglubifreiðinni. Áður hafði Finnbogi tekið úr byssunni tvö tóm skothylki, sem síðar voru afhent Nirði Snæhólm, aðalvarðstjóra í rannsóknarlögreglunni. Finnboga virtist ákærði undir einhverjum annarlegum áhrifum, en getur ekki um það sagt, hvort það hafi verið áfengisáhrif eða önnur áhrif. Honum virtist áfengislykt slá fyrir af ákærða.

Vitnið Jón Þór Þorbergsson lögreglumaður fór á vettvang ásamt Finnboga lögreglumanni. Óku þeir um Elliðaárbrýr og Reykjanesbraut skemmstu leið að Yrsufelli 11. Ók Jón Þór bifreiðinni með rauðu ljósi og sírenu alla leiðina og svo hratt sem hann þorði og á köflum með yfir 100 km hraða. Þegar þeir lögregluþjónarnir komu á staðinn, var búið að afvopna ákærða, og settu þeir handjárn á hann. Leiddi Jón Þór hann síðan mótþróaust út úr húsinu. Ekki mælti ákærði orð frá vörum, svo að Jón Þór muni. Virtist ákærði eitthvað ölvaður og auk þess miður sín.

Rannsóknarlögreglunni í Reykjavík var tilkynnt um atburðinn,

og fóru á staðinn fjórir starfsmenn hennar, aðalvarðstjórnarnir Njörður Snæhólm og Ragnar Vignir og Magnús Magnússon og Sævar Þorbjörn Jóhannesson lögreglumenn. Kom Njörður á vettvang klukkan 1418, en hinir þrír stuttu á eftir honum.

Njörður gerði skýrslu um athuganir sínar á vettvangi greint sinn og hefur staðfest hana fyrir dómi. Í henni er vettvangi lýst m. a. á þessa leið:

„Blóðslóð er frá útidyrum hússins og alla leið upp á 4. hæð.

Í um það bil miðjum stiga milli 3. og 4. hæðar er hvítur hæll undan kvenskó. Á veggnum beint framundan þessum stiga er í um meters hæð frá gólfi skella brotin úr steinveggnum eftir haglaskot, og á pallinum fyrir neðan er hvítur hægrifótar kvenskór, hællaus og blóðugur, og á ganggólfinu framan við íbúðirnar við stigann er hvítur vinstrifótar kvenskór á 3. hæðinni, en þar til hægri er íbúð Hafsteins Jósefssonar, og næst til hliðar við hana er íbúð Sigrúnar Indriðadóttur.

Í íbúð Hafsteins eru nokkrir blóðdropar á gólfi frá forstofudyrum og inn í svefnherbergi í s. a. horni. Þar inni hefur stór skápur verið færður frá stórum hverfiglugga, sem stóð alveg opinn. Annað var ekki athugavert í íbúðinni.

Í íbúð Sigrúnar hefur hurðinni frá gangi að forstofu verið sparkað upp, og við það hefur karmurinn læsingarmegin alveg klofnað. Gegnt þessum dyrum eru dyr að eldhúsi og gangurinn um meter á breidd. Skápur er strax til vinstri, er inn kemur úr ytri dyrum, og svo opið milli hans og eldhúsveggjar inn í stofuna.

Mikið blóð er á gólfteppinu á milli ytri dyra og eldhúsdyra og stór blóðpollur með blóðlifrum í. Þarna hafði Hafsteinn Jósefsson verið skotinn í hægri fót um hnéð.

Íbúð Elínar Ólafsdóttur er fyrst til hægri, er upp kemur á 4. hæð. Gat eftir eitt haglaskot er í hurðinni frá gangi að forstofu, 20 cm ofan við læsingu. Gatið er 2 cm í þvermál að framan. Hlaupinu hefur verið haldið fast að hurðinni, en aðeins til hliðar eða til vinstri. Hurðinni hefur verið sparkað upp, og við það hefur karmurinn klofnað læsingarmegin. Stærð gatsins að innan er um 4 cm í þvermál. Þegar inn kemur, er stofa í horninu til vinstri frá forstofu. Allt er í lagi þar, en hurðin að svölunum opin.

Þá er baðherbergið beint fram, en dyrnar að því aðeins til hægri miðað við gangdyr, svo að þær standast ekki á. Til hægri við baðherbergið eru dyr að eldhúsi og næst þeim til hægri, eða við s.a. enda forstofu, eru dyr að herbergi, og þar kemur smágangbútur til hægri, og við enda hans eru dyr að svefnherbergi.

Hluti af höglunum úr skotinu, sem skotið var í gangahurðina hefur lent í veggnum og vinstri karmi baðdyranna fyrir ofan miðju og hluti farið inn í baðherbergið og lent í ytri veggnum, en hurðin hefur staðið opin.

Tómt blóðugt skothylki, cal. 12, rússneskt, lá á gólfinu í forstofunni við baðherbergisdýr og tvö tóm blóðug skothylki, cal. 12, Nimrod, á gólfinu við eldhúsdýr. Þrjú göt eftir haglaskotgöt eru í eldhúshurðinni. Eitt er rétt ofan við læsinguna, milli hennar og karms, en hurðin opnast til vinstri upp að vegg. Eitt er rétt neðan við læsingu og aðeins til vinstri, og það þriðja er um miðja hurð lengst til vinstri. Hurðinni hefur verið sparkað upp, og karmurinn er klofinn. Á gólfinu bak við hurðina er stór blóðpollur, og högl hafa lent í hurð, í eldhúsborði gegnt dyrunum og í leirtaui á eldhúsborðinu og brotið sumt af því. Einnig hefur mikið af höglum og sennilega heilt skot lent í veggnum á bak við hurðina. Þar er stór klessa og pússning farin úr veggnum. Byssuhlaupinu hefur verið haldið fast að hurðinni og aðeins hallað til hliðar, sem sést af púðrinu. Blóð var einnig í forstofu íbúðarinnar, en lítið.“

Nirði var afhent haglabbyssan, skotfærabeltið með skothylkjum og fjögur tóm skothylki. Tvö þeirra höfðu verið í byssunni. Þá var Nirði afhentur áfengisfleygur hálfur af áfengisblöndu.

Njörður lýsir byssunni og skotfærabeltinu með þessum hætti í skýrslu sinni:

„Umrædd haglabýssa er tvíhleypt cal. 12 L.I.G. „Made in Spain“ nr. 35493, með brotnum ramma. Öryggið er að ofan og aftan við lásinn, sjálfvirkt. Fer á þegar byssunni er lokað. Skeftið er brotið við rammann, og gikkhlífin er losnuð að aftan og snýr öfugt, og því eru gikkirnir óvarðir. Skórinn á skeftinu er einnig laus. Lengd byssunnar er 121 cm. Hún er með burðaról úr leðri og blóðug. Dregur tómu skothylkin út um 5 mm, þegar hún er opnuð, en hendir þeim ekki út. Skotfærabeltið er brúnt úr gerfiefni, tvöfalt og rúm fyrir 30 skot í efri röðinni. Í það vantar eitt skot yzt hægra megin og 5 skot vinstra megin.

Neðri röð er tvískipt, þ. e. opið í bakið, og rúm fyrir 10 skot hvorum megin. Hægri röð er full, en í vinstri röð vantar eitt skot yzt til vinstri og þriðja skot að aftan. Það vantar því 8 skot, til að beltið sé fullt.

Í beltinu eru þrjár tegundir af skotum, þ. e. 22 rússnesk, 16 Nimrod 70 mm og Cevelet Game King 4 st. Nimrod skotin eru

nr. 5, en rússnesku skotin nr. 6. Tvö yztu skotin vinstra megin að neðan eru blóðug á botninum.

Ég tók höglin upp úr einu Nimrod skoti og taldi þau. Reyndust vera 300. Þá tók ég höglin upp úr einu rússneska skotinu og taldi þau. Reyndust vera 260.“

Ragnar Vignir aðalvarðstjóri var við athuganir á vettvangi, og staðfesti hann fyrir dómi, að lýsing Njarðar á verksummerkjum væri að mestu rétt. Ragnar tók allar ljósmyndir á vettvangi og var við mælingar ásamt Sævari Þorbirni Jóhannessyni lögreglu-manni.

Sævar Þorbjörn var við athuganir í íbúðum Elínar Bjarnveigar Ólafsdóttur og Sigrúnar Indriðadóttur svo og á göngum hússins. Staðfesti hann skýrslu Njarðar sem rétta í öllum meginatriðum, að því er þessa staði snerti.

D. Á meðan rannsóknarlögreglumennirnir voru að störfum í Yrsufelli 11, hringdi þangað Örn Clausen hæstaréttarlögmaður og tilkynnti, að þá rétt áður hefði Snorri Jens Ólafsson rafvirki, Nökkvavogi 62, tilkynnt sér í gegnum síma, að búið væri að stela frá sér haglabyssu. Skýrði Örn frá því, að ákærði væri grunaður um verknaðinn, og kvaðst Örn hafa hringt til íbúðar Elínar til að vara hana við hugsanlegri heimsókn ákærða.

Ragnar Vignir og Magnús Magnússon fóru á vettvang og athuguðu verksummerki og höfðu tal af Snorra Jens. Í skýrslu Ragnars Vignis segir svo:

„Í kjallara hússins nr. 62 við Nökkvavog býr Snorri Ólafsson, rafvirki, og á meðan hann var að heiman í dag milli kl. 13.00—15.00 hefur verið farið inn í íbúðina um opnanlegan glugga, 23 x 90 cm að stærð, á stofu íbúðarinnar. Er glugginn á suðurhlíð hússins.

Úr stofunni hefur verið farið fram í gang íbúðarinnar og inn í geymslu í vesturenda hússins og þaðan tekin tvíhleypt haglabyssu, af spánskri gerð L.I.G. nr. 35493, ásamt skotfærabelti úr leðri, en hvort tveggja hékk á einum vegg geymslunnar. Í skotfærabeltinu voru um 50 skot, nr. 5 og 6, ætluð til rjúpnaveiða.

Greinilegt traðk sást í moldarbeði, sem er sunnan við stofu-gluggann, sem farið var inn um. Ég leitaði að fingraförum á glugganum í stofunni og gluggapósti, og fann ég tvo fingrafara-parta á innanverðum gluggapóstinum ofanverðum. Lyfti ég för-unum af gluggapóstinum og tók með mér til tæknideildarinnar til frekari athugunar.

Við samanburð á fingraförum af gluggapóstinum og fingraförum

Haralds Ólafssonar, f. 19. 8. 1946. (Nr. 978 í fingrafara- og mynda-safni rannsóknarlögreglunnar) hefur nú komið í ljós, að förin eru af löngutöng og græðifingri hægri handar Haralds, sem grunaður var um þjófnaðinn á laglabyssunni og skotfærabeltinu.“

Vitnið Snorri Jens Ólafsson rafvirkjameistari, Nökkvavogi 62 í Reykjavík, hefur þekkt ákærða um nokkurra ára bil og umgeng-izt hann töluvert. Sunnudaginn 14. janúar s.l. rétt öðru hvoru megin við klukkan 12 á hádegi hringdi ákærði til hans tvívegis. Í fyrra samtalinu ræddu þeir um daginn og veginn, og ákærði kom aðeins inn á persónuleg málefni sín. Sagði hann Snorra Jens, að hann hefði verið á Hótel Sögu föstudagskvöldið á undan í boði stúlku, og sóttu þau árshátíð Samvinnufélaganna. Sagði ákærði, að hann hefði farið með stúlkunni á barinn og þar hefði Elín Bjarnveig Ólafsdóttir, fyrrverandi tengdamóðir hans, snúið sér að honum og sagt við þau eitthvað á þá leið, að hún afgreiddi ekki svona pakk. Annað kom ekki fram í þessu samtali, sem snerti persónuleg málefni ákærða, og ekki hafði hann í hótunum um, að hann ætlaði að gera Ásdísi Báru né hennar fólki eitt eða annað. Í seinna samtalinu kom ekkert nýtt fram, annað en að ákærði ætlaði á anda-skytteri með Páli, sem er þjónn í Glæsibæ. Spurði ákærði Snorra Jens, hvort hann vildi ekki lána honum haglabyssu sína. Hann neitaði ákærða um byssuna, enda vissi hann, að ákærði hafði ekki byssuleyfi, og að þetta var ekki andaveiðitími. Ákærði var óeðli-legur í tali, og dró Snorri Jens þá ályktun af því, að hann væri undir áhrifum áfengis.

Snorri Jens fór heiman að frá sér með alla fjölskylduna um klukkan 1300 og kom ekki aftur fyrr en um klukkan 1500. Á leiðinni heim ók hann um Breiðholt og sá sjúkrabíl og lögreglu-bíl aka að Yrsufelli. Datt honum í hug, að ákærði hefði hugsan-ega verið þar á ferð. Þegar hann kom heim, sá kona hans, að farið hafði verið inn um stofuglugga íbúðarinnar. Í framhaldi af þessu fór Snorri Jens inn í geymslu í kjallaranum og sá þá, að búið var að stela tvíhleyptri haglabyssu ásamt skotfærabelti með skotum, en hlutir þessir áttu að hanga uppi á vegg. Hringdi hann þá í Örn Clausen hæstaréttarlögmann og skýrði honum frá hvarfi byssunnar. Ákvað hann, að Snorri Jens hringdi í lögregluna, en sjálfur ætlaði hann að hringja í Elínu Ólafsdóttur.

Vitnið Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, Blikanesi 3 í Garða-hreppi, skýrði frá samtali sínu við rannsóknarlögregluna að Yrsu-felli 11, eins og áður er fram komið. Ástæðan til þess, að Erni datt í hug, að ákærði mundi heimsækja tengdamóður sína fyrr-

verandi, var sú, að Örn hafði heyrt ákærða oftsinnis, eftir að Ásdís Bára fór til Danmerkur vorið 1972, hafa orð á því, að honum væri illa við hana. Aldrei hafði hann þó orð á því, að hann hefði í hyggju að gera henni eitt eða annað illt. Þá hafði Örn heyrt hann tala í síma við hana nokkrum sinnum og heyrði ekki annað en að þá færi vel á með þeim. Örn heyrði það á ákærða, að hann vildi kenna tengdamóður sinni fyrrverandi það, að Ásdís Bára fór frá honum.

Örn segir, að það hafi verið auðheyrð á ákærða, að hann saknaði Ásdísar Báru ákaflega mikið. Kveðst Örn hafa skammað ákærða hvað eftir annað fyrir það, að það væri honum sjálfum að kenna, að Ásdís Bára hefði yfirgefið hann, enda hefði hann verið á fylleríi hvað eftir annað og ekki komið heim dögum saman. Ásdís Bára kom eitt sinn upp á skrifstofu Arnar vorið 1972, nokkru áður en hún yfirgaf ákærða, og var erindi hennar það að biðja Örn og vitnið Ragnar Aðalstein Ingólfsson aðstoðar við að fá ákærða til að hætta óreglu sinni og koma heim, en um þær mundir keyrði um þverbak í óreglu ákærða. Kom það fram hjá Ásdísi Báru, að hún væri að hugsa um að yfirgefa ákærða af þessum sökum, en jafnframt komu fram hjá henni áhyggjur yfir því, hvað ákærði mundi gera, ef hún yfirgæfi hann.

E. Þykir nú rétt að rekja framburði ákærða um athafnir hans margnefndan dag.

Ákærði hóf áfengisneyzlu, þegar hann vaknaði klukkan 9 um morguninn, en hann hafði verið að kvöldlagi alla næstliðna viku við áfengisdrykkju. Ákærði getur ekki gert sér grein fyrir því, hversu mikils áfengis hann hafi neytt, en hann var við drykkjuna fram að hádegi með kunningja sínum Gylfa Þresti Friðriksyni, sem búið hafði á heimili ákærða um sinn. Einnhvern tíma um hádegið eða rétt upp úr því fór Gylfi Þröstur að heiman, og man ákærði óljóst eftir ferðum sínum eftir það. Ákærði kveðst muna eftir því, að læknir kom til hans í fangageymsluna til að taka úr honum blóð.

Ákærði talaði við Ásdísi Báru, fyrrverandi eiginkonu sína, í síma um morguninn. Kveður hann þau hafa rætt um úr það, er hann sendi syni sínum í jólagjöf um síðastliðin jól. Var ákærði að spyrja hana, hvers vegna drengurinn bæri ekki úrið, en hann hafði komið í heimsókn til foreldra ákærða, sem bjuggu í sama húsi og ákærði, þennan morgunn. Svaraði hún því til, að það væri of stórt. Ákærði fullyrti, að þau hefðu ekki rifizt í þessu samtali. Var þetta í fyrsta skipti síðan í maí, sem ákærði sá son sinn.

Ákærði man eftir, að hann talaði við Snorra Jens um hádegisbilið, en man ekki, hvort það var einu sinni eða tvisvar, og ekki man hann eftir því, að hann hefði beðið hann um byssu að láni.

Ákærði mundi, eins og áður greinir, ekkert eftir för sinni í Yrsufell 11 og meðferð sinni á byssu þar í húsinu, og sjálfur kvaðst hann ekki eiga byssu eða hafa byssuleyfi og ekki hafi verið byssa á heimili sínu.

Vitnið Gylfi Þröstur Friðriksson skrifstofumaður, Tómasarhaga 43 í Reykjavík, kynnist ákærða í ágúst eða september s.l. Gylfi Þröstur var í húsnæðisvandræðum, og í lok október fluttist hann inn í íbúð ákærða og bjó hjá honum. Gylfi Þröstur segir, að ákærði hafi neytt áfengis flesta daga og verið oft drukkin á kvöldin. Gylfi Þröstur telur, að komið hafi dagur og dagur, sem ákærði drakk ekki, en um löng hlé hafi ekki verið að ræða. Ákærði var þrúður í umgengni, bæði drukkin og ódrukkin.

Ákærði ræddi lítið persónuleg málefni sín, en þó kom hann inn á þau. Ekki heyrði Gylfi Þröstur ákærða hafa orð á því, að hann ætlaði sér að hefna sín á Ásdísi Báru eða hennar fólki.

Gylfi Þröstur fór með ákærða út að skemmta sér nokkuð oft, og laugardagskvöldið 13. janúar s.l. voru þeir saman og m. a. fóru þeir á Hótel Sögu og Hótel Loftleiðir, en auk þess fóru þeir að fleiri skemmtistöðum, og ákærði leit þar inn, en Gylfi Þröstur beið utan dyra í bifreið. Var ákærði að leita að Ásdísi Báru Magnúsdóttur. Gylfi Þröstur kveðst hafa hringt í íbúð Elínar Bjarnveigar og spurt eftir Ásdísi Báru fyrir ákærða þetta kvöld. Fékk hann þau svör, að hún væri ekki heima. Þetta kvöld kveðst Gylfi Þröstur ekki hafa heyrt ákærða ræða neitt um það, að hann ætlaði að vinna Ásdísi Báru mein á einn eða annan hátt. Hafði hann aldrei heyrt ákærða viðhafa nein ummæli í þessa átt. Þeir voru komnir heim báðir tveir fyrir klukkan 0200 um nóttina. Gylfi Þröstur kom fyrr, en ákærði síðar, og var ákærði mjög ölvaður, er hann kom heim.

Gylfi Þröstur vaknaði um klukkan 10 næsta morgun, og var ákærði þá kominn á fætur og byrjaður áfengisdrykkju. Ákærði hélt áfram drykkju og var enn við drykkju, þegar Gylfi Þröstur fór að heiman laust fyrir klukkan 1300. Gylfi Þröstur drakk úr einu glasi af áfengisblöndu um morguninn.

Ákærði fór upp í íbúð foreldra sinna um klukkan 1030, og þar hitti hann a. m. k. yngri son sinn. Þegar hann kom aftur niður, var hann í illu skapi og bölvaði. Sagði hann, að drengurinn talaði ekki lengur almennilega íslenzku, og auk þess var hann illur yf-

ir því, að drengurinn bar ekki úr, sem hann hafði sent honum í jólagjöf. Skildist Gylfa Presti, að drengurinn hefði sagt ákærða, að úrið, sem hann var með á handleggnum, væri gjöf frá föður unnusta Ásdísar Báru. Í framhaldi af bölví og ragni ákærða yfir þessu hringdi hann til Ásdísar Báru. Ekki fylgdist Gylfi Pröstur með samtalinu, en heyrði þó, að ákærði spurði eitt sinn, hvort hún væri gift.

Gylfi Pröstur upplýsti, að synir ákærða hefðu komið til hans um klukkan 12 þennan morgun, og komu þeir ofan af hæðinni frá foreldrum ákærða. Ekki heyrði Gylfi Pröstur ákærða ræða fjölskyldumálin við syni sína. Var ákærði að leika sér við þá og kjassaði yngri drenginn. Heyrði Gylfi Pröstur, að hann spurði hann, hvernig hann hefði það. Ákærði virtist ánægður með komu drengjanna. Ekki heyrði Gylfi Pröstur ákærða tala við drengina um Ásdísi Báru né fjölskyldu hennar. Drengirnir stönuðu hjá föður sínum í um stundarfjórðung, en fóru síðan upp í mat. Eftir burtför drengjanna sá Gylfi Pröstur, að ákærði var miður sín og grét stutta stund. Þegar hann hætti því, fór hann með símann inn í svefnherbergið og hringdi öðru sinni, svo að Gylfi Pröstur vissi til.

Drengirnir komu niður aftur, rétt áður en Gylfi Pröstur fór úr íbúðinni, og þá kvaddi hann ákærða og fór á brott. Gylfi Pröstur ræddi ekkert við ákærða, eftir að hann fór í símann í seinna skiptið og þar til hann kvaddi hann. Var ákærði mikið drukkinn, þegar Gylfi Pröstur fór.

Vitnið Sólveig Stefánsdóttir húsfrú, Víðimel 32, kjörmóðir ákærða, greinir frá því, að sonur ákærða og Ásdísar Báru hafi komið greindan sunnudagsmorgun í heimsókn að Víðimel 32. Kom hann upp í íbúðina til hennar á 2. hæð og einnig ákærði. Var ákærði brosandí, og hafði hún ekki séð hann ánægðari í langan tíma. Sátu þeir ákærði og drengurinn saman í sófa í íbúð hennar og ræddu saman. Þegar þeir höfðu talað svolítið saman, spurði ákærði drenginn, hvar úrið væri, sem hann hefði sent honum í jólagjöf. Sagði hann það vera úti í Danmörku, en úrið, sem hann bæri, væri gjöf frá unnusta móður sinnar. Í samtali þeirra feðganna hafði komið fram, að ákærði ætlaði að fara með drengnum og afa hans í Sundlaug Vesturbæjar. Þegar ákærði heyrði um úrið, fór hann þegar niður til sín og sagði jafnframt, að hann væri hættur við að fara í sundlaugina.

Drengurinn fór síðan í Sundlaug Vesturbæjar með afa sínum og eldri bróður. Þegar þeir komu aftur, komu þeir í íbúðina til þeirra

hjónanna, en hurfu svo. Fann Sólveig þá niðri hjá föður þeirra. Var hann þá kominn mikið undir áhrif áfengis, en fyrr um morguninn hafði hún ekki veitt því athygli, að hann væri undir áhrifum áfengis. Hún var síðan niðri í íbúð ákærða fram til klukkan 1430, en þá fóru drengirnir á brott. Nokkru áður hafði faðir þeirra farið á brott, og fannst Sólveigu hann þá drukinn og myrkur á svip. Ekkert sagði hann um það, hvert hann ætlaði.

Í framburði Ólafs Finnboga Ólafssonar vélfræðings, Víðimel 32, kjörföður ákærða, kemur einnig fram, að ákærði hafi spurt son sinn um úr, sem hann hafði gefið honum í jólagjöf. Komið hafði til tals, að ákærði færi með þeim í sund, en hann hætti við það. Ekki vildi Ólafur Finnbogi álykta, að það hefði verið vegna úrmálsins.

Eins og áður er fram komið, ber ákærði við minnisleysi sínu um för sína að Yrsufelli 11 greint sinn. Verður nú rakinn framburður vitnisins Sigurðar Tómasar Sigurbjarnarsonar leigubifreiðarstjóra, Þórsgötu 19 í Reykjavík, um hana.

Sigurður Tómas ekur leigubifreiðinni R 3627 frá Bifreiðastöð Reykjavíkur. Sunnudaginn 14. janúar s.l. var hann með bifreiðina á staði stöðvarinnar við Birkimel. Einhvern tíma milli klukkan 1300 og 1330 var hringt á staðið í síma, sem þar er, og það stöðin Sigurð Tómas að aka að Víðimel 32, vesturenda. Þar kom í bifreiðina ákærði, sem Sigurður Tómas þekkti með nafni og hafði áður ekið. Var ákærði ölvaður og frekar ör. Þegar ákærði kom í bifreiðina, bað hann um akstur inn í Nökkvavog, en ekki man Sigurður Tómas nákvæmlega húsnúmerið, sem tiltekið var. Á leiðinni þangað tók ákærði upp fleyg með áfengisblöndu, að Sigurður Tómas bezt sá. Á pelanum stóð m. a. Gordon's. Ákærði ræddi aðallega á leiðinni um Hitler og ræður hans. Sigurður Tómas stöðvaði bifreiðina á Nökkvavogi, við horn Gnoðarvogs, og þar fór ákærði úr henni. Bað ákærði Sigurð Tómas að bíða sín, en tilgreindi ekkert erindi sitt út úr bifreiðinni. Eftir 5—10 mínútur kom ákærði aftur og hélt þá í hægri hendi á tvíhleyptri haglabyssu. Ákærði var í dökkleitu frakka og berhöfðaður. Þegar ákærði kom aftur upp í bifreiðina, bað hann um akstur upp í Yrsufell. Ekki tilgreindi hann erindi sitt þangað, en einhvern tíma á leiðinni spurði Sigurður Tómas ákærða, hvað hann væri að gera með byssu svona fullur. Ákærði kvaðst ætla á skytteri og í Yrsufelli ætlaði hann að taka kunningja sinn, sem ætlaði með honum. Þegar þeir voru u. þ. b. hálfnaðir frá Gnoðarvogi og upp í Yrsufell, fletti ákærði frá sér frakkanum til þess að ná í áfengis-

fleyginn. Drakk hann drjúgt úr honum. Um leið og ákærði hneptti frá sér frakkanum, sá Sigurður Tómas, að ákærði var gyrtur skotfærabelti með skotum í. Þegar hér var komið, opnaði ákærði byssuna til að sýna Sigurði Tómasi, að hún væri óhlaðin, en hann hafði áður bannað honum að fíkta í byssunni í bifreiðinni. Þá spurði Sigurður Tómas ákærða, hvað hann ætlaði að skjóta, og kvaðst hann ætla að skjóta endur. Þegar þeir komu upp í Yrsufell, lét ákærði aka að dyrum hússins nr. 10, en breytti því síðar og lét aka að dyrum hússins nr. 5—7. Þar fór hann úr bifreiðinni og greiddi hana. Sá Sigurður Tómas síðast til hans, að hann var að hringja dyrabjöllu við einhvern innganginn. Ekki minntist ákærði neitt á Ásdisi Báru né fjölskyldu hennar.

F. Ólafur Mixa læknir var fenginn til ákærða í fangageymsluna við Hverfisgötu 113 14. janúar s.l. Kom hann þangað klukkan 1620. Rannsakaði hann ákærða og tók úr honum blóðsýni til rannsókar. Í vottorði hans segir svo:

„Hin lauslega rannsókn leiddi aðeins í ljós eftirfarandi:

Fas virtist rólegt, enginn ofsi eða sjáanleg einkenni um geðrænar truflanir. Húðhiti eðlilegur svo og húðlitur, sérstaklega í andliti. Nokkurn vínþef lagði úr vitum. Pupillur eðlilegar að stærð, reageruðu fyrir ljósi, jafnar báðum megin. Nokkrar húðrispur voru framan á brjósti. Væg einkenni um handjárn á vinstri hendi (úlnlið). Eymslalaus um brjóst og kvið, svo og efri limi. Við rannsókn á ganglimum streitist hann skyndilega við og kvaðst kenna töluverðra eymsla um fótleggi og einkum um vinstra hné. Neitaði að beygja um liðinn. Skoðun á hnjám (inspection) leiddi ekkert athugasvert í ljós. Reflexar virtust líflegir, gróflega prófaðir. Umræddur vistmaður veitti ekki viðnám, er ca 10 ml af blóði voru teknir til rannsókna úr vena cubita vinstra megin eftir að hafa hreinsað svæðið með benzíni. Ennfremur var ráðlagt, að þvag úr honum skyldi tekið til rannsókna. Rannsókn og blóðtöku lokað um 16.35.“

Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði var sent blóðsýnið frá ákærða til rannsókna. Í vottorði rannsóknastofunnar, dags. 25. janúar s.l., segir svo:

„Rannsóknastofunni hefur borizt til rannsókna með tilliti til alkóhóls og hugsanlegra annarra efna blóðsýni frá Haraldi Ólafssyni, sbr. bréf yðar, sem dagsett er 17. 1. 1973. Síðari upplýsingar bentu eindregið til þess, að Haraldur hefði tekið klórdiazepoxíð. Var því leitað að því lyfi í blóðinu.

Magn alkóhóls í blóðinu var 3,1‰, en ekki var unnt að sýna

fram á klórdíazepoxíð í blóði mannsins. Er því vafalaust, að maðurinn hefur verið ölvaður, þegar blóðsýnið var tekið. Niðurstöður þessara rannsókna staðfestu einnig, að klórdíazepoxíð var ekki í lækningalegu magni eða meira í blóðinu.“

G. Eins og fram er komið í málinu, urðu Elín Bjarnveig Ólafsdóttir, Hafsteinn Jósefsson og Þórhallur Ölver Gunnlaugsson fyrir áverkum greint sinn.

Rögnvaldur Þorleifsson, læknir á Borgarspítalanum, lýsir áverkum Hafsteins og læknisaðgerðum á honum í vottorði, dagsettu 21. febrúar s.l., á þessa leið:

„Skoðun við komu á Slysadeildina leiddi í ljós eftirfarandi: Hafsteinn var föður og með byrjandi losteinkenni. Hann var eðlilega vakandi og áttaður. Hann virtist verulega þjáður af verkjum.

Við fyrstu skoðun komu að öðru leyti í ljós mjög víðtækir áverkar á hægri ganglim um hnéð, en ekki áverkar annars staðar.

Röntgenmyndir teknar af hægri hné svo og neðri hluta lærleggs og efri hluta fótleggs leiddu í ljós, að bein öll, aðlæg hnéliðnum, voru kurluð, svo og var skábrot á neðanverðum lærleggnum. Merki um útbreidda mjúkvefjaáverka sáust einnig á myndunum svo og mikill fjöldi af málmkúlum, að útliti sem högl.

Að nauðsynlegum undirbúningi loknum, svo sem blóðflokkun og útvegum blóðs, var Hafsteinn færður á skurðstofu Bsp. til aðgerðar. Voru áverkarnir á hnénu nánar kannaðir þar. Sár var á hénu að framanverðu og innanverðu, þar sem leit út fyrir, að höglin hefðu farið inn í liminn. Mjög tætt og útbreitt sár var í hnésbótinni. Við nánari könnun á því kom í ljós, að mikill urmull af höglum var í mjúkvefjum. Bein aðlæg hnénu voru kurluð, svo sem sést hafði á röntgenmynd. Meginslagæð og bláæð til og frá limnum neðan hnés voru sundurtættar, og vantaði kafla í þær. Þá var önnur megintaugin til ganglimsins neðan hnés (N.tibialis) sundur, en hin taugin nokkuð teygð.

Áverkarnir á hnésvæðinu voru svo víðtækir, að horfið var að því ráði að taka af gangliminn um neðanvert lærið, í þeirri hæð, sem heppilegt taldist til þess að festa við stúfinn gerfilim síðar.

Tvær meginástæður lágu til þess, að sú leið var valin að taka af liminn. Í fyrsta lagi var talið ógerlegt að gera svo við æðarnar í hnésbótinni, að von væri um árangur, og þar með talið nær vonlaust að fá blóðrás í fótinn neðan hnés, svo það dygði honum til lífs. Í öðru lagi var önnur megintaugin til fótleggs og fótar sundur, sem hlaut að leiða til þess, að stórt svæði af fætinum yrði með lélegri eða engri tilfinningu til frambúðar, svo og yrðu vöðv-

ar á fætinum lamaðir, enda þótt fræðilega væri mögulegt að tengja taugina saman aftur, og að því skilyrði uppfylltu, að blóðrás væri fullnægjandi.

Einsýnt þótti því, að réttast væri að gera þegar í upphafi aflimun, svo sem áður segir. Gefa þurfti Hafsteini 1½ l. af blóði. Hann boldi að öðru leyti aðgerðina vel.

Honum leið fremur illa næstu daga, einkanlega vegna verkja, svo og lögðust áhyggjur út af framtíðinni þungt á hann fyrst í stað.

Hafsteinn var rúmliggjandi fyrstu dagana, en að 9 dögum liðnum var hann látinn hefja göngubjálfun með stuðningi, og hefur það síðan gengið greiðlega. Þann 10/2 fékk sj. bráðabirgðagerfilim, sem hann hefur síðan æft sig að ganga á. Nokkrum sinnum hefur þurft að lagfæra gerfiliminn til samræmis við rýrnun og breytingar á formi lærstúfsins.

Hafsteinn hafði lengi vel all verulega verki í lærstúfnum, en þeir hafa farið minnkandi, einkanlega eftir að hann byrjaði að ganga á gerfilimnum, og eru nú litlir orðnir við brottför hans af spítalanum í dag, þann 21/2.

Áformað er nú, að limasmiður haldi áfram að annast nauðsynlegar breytingar á gerfilimnum og smíði að lokum lim, er sj. getur notað til frambúðar. Hafsteinn mun njóta áfram aðstoðar sjúkraþjálfara og mun öðru hverju koma til eftirlits hjá læknum Slysadeildarinnar.“

Jón Níelsson, læknir á Borgarspítalanum, lýsir áverkum Elínar Bjarnveigar í vottorði, dags. 28. febrúar s.l., á þessa leið:

„Við komu í spítalann er konan í góðu ástandi með eðlil. blóðþrýsting og púls. Hún er áttuð á stað og stund og skýrir skýrt og skilmerkilega frá tildrögum þessa atburðar.

Við skoðun kemur í ljós, að sex göt, sem gætu verið eftir högl, finnast í vinstra læri, framanvert og innanvert. Ekki blæðir teljandi frá þessum skotsárum. Á kviðarholi neðan nafla sjást fjögur göt, sem gætu sömuleiðis verið eftir högl. Ekki blæðir teljandi heldur úr þessum skotsárum. Á vinstra þumalfingri er sár, sem sömuleiðis gæti verið eftir hagl. Úr því blæðir lítillsháttar, og eru lagðar á það umbúðir til bráðabirgða. Þá sjást einnig smásár í hægri olnbogaregion, sem sýnilega gætu verið orsökkuð á sama hátt og hið fyrrnefnda. Ekki neina áverka að sjá né finna á höfði hálsi né yfir brjósthóli. Kviðarhol er mjúkt og ekki nein clínísk merki um blæðingu inn í kviðarhol né áverka á líffærum þar.

Hún getur hreyft alla útlími eðlilega, en nokkur sársauki er við hreyfingu á hægri olnbogalið.

Teknar eru röntgenmyndir af lungum, yfirlitsmyndir af kviðarholi, vinstra læri og vinstri þumalfingri og hægri olnboga. Lungna-myndin er fullkomlega eðlileg. Við kviðarholismyndirnar kemur í ljós, að fjögur högl sitja í kviðveggnum. Eitt þeirra liggur nokkuð djúpt og virðist vera alveg inn undir lífhimnu.

Við myndatöku af vinstra læri sjást, að sex högl eru í mjúkpörtum á lærinu ofanverðu. Þrjú þeirra liggja fremur grunnt og utanvert á lærinu, en önnur þrjú liggja dýpra, að því er virðist inn undir beini, nálægt miðjum lærleggnum.

Á vinstra þumalfingri sést, að eitt hagl er í mjúkpörtum þumalfingersins, yfir ytri kjúkunni. Það virðist ekki hafa skaddað bein. Við myndir af hægri olnboga sést ekkert sjúklegt í mjúkpörtum né beinum.

Að þessum rannsóknnum loknum var nefnd Elín lögð inn á Skurðlækningadeild Bsp. til observationar og hugsanlegs brotnáms á þessum höglum, sem áður er lýst.“

Rögnvaldur Þorleifsson læknir lýsir áverkum Þórhalls Ölvers í vottorði, dags. 21. febrúar s.l., á þessa leið:

„Skoðun við komu á Slysadeildina leiddi eftirfarandi í ljós:

Þórhallur var eðlilega vakandi og áttaður og ekki almennt illa haldinn. 6—8 göt voru talin vera á húðinni hægra megin, framanvert á brjósti og eitt litlu stærra sár við hægri geirvörtu.

Röntgenmyndir teknar af lungum og brjóstakassa leiddu ekki í ljós merki um innri áverka þar, og engin högl sáust heldur á myndunum.

Sárin á brjóstinu voru hreinsuð og síðan settar umbúðir á þau. Að því loknu fór sj. af spítalanum.

Hann kom aftur næsta dag til skiptingar, þar eð umbúðir höfðu losnað. Í annað sinn kom hann til eftirlits þann 17/1, og var þá skipt á umbúðum. Í þriðja sinn kom hann til eftirlits 19/1, og var þá enn skipt, enda höfðu umbúðir losnað. Í fjórða skiptið kom hann til eftirlits þann 23/1. Er þess þá getið, að sárið við geirvörtuna sé á eðlilegri leið með að gróa, og voru settar við það þurrar umbúðir og reiknað með eftirliti þann 26/1.

Ekki er til bókun um, að Þórhallur hafi verið til meðferðar á Slysadeildinni eftir þann 23/1 vegna fyrrgreinds áverka.“

II.

Miðvikudaginn 21. júní 1972 klukkan 2155 var tilkynnt á lög-

reglustöðina við Pósthússtræti í Reykjavík, að ölvaður maður væri að aka á brott frá veitingahúsinu Nausti við Vesturgötu í blárri Volksvagenbifreið.

Lögreglumennirnir Eðvarð Örn Olsen, Kristinn Pedersen og Sigurður Rúnar Magnússon voru sendir til þess að sinna þessu. Þegar þeir voru að aka frá lögreglustöðinni, ók blá Volksvagenbeifreið, R 26023, austur Hafnarstræti. Veittu þeir bifreiðinni eftirför og stöðvuðu hana neðarlega á Hverfisgötu. Ökumaður bifreiðarinnar var ákærði. Lögreglumennirnir sáu, að ákærði var undir áhrifum áfengis, og var hann því færður á lögreglustöðina til yfirheyrslu og síðan til blóðtöku. Var honum tekið blóð til alkóhólrannsóknar klukkan 2250, og fundust í blóðsýnishorninu reducerandi efni, er samsvara 1,54% af alkóhóli.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi ekið greint sinn bifreiðinni R 26023 frá veitingahúsinu Nausti við Vesturgötu og þar til akstri lauk fyrir afskipti lögreglu neðarlega á Hverfisgötu. Kvaðst ákærði hafa komið í veitingahúsið á bifreiðinni án þess að hafa neytt áfengis. Þar drakk hann áfengi, en ekki kvaðst hann hafa fundið teljandi áfengisáhrif við aksturinn.

Lögreglumaðurinn Eðvarð Örn Olsen telur, að ákærði hafi verið ölvaður. Kristinn Pedersen telur ákærða hafa verið mikið drukkinn, og Sigurður Rúnar Magnússon segir, að ákærði hafi allur verið slappur og áfengislykt af honum.

Ákærði var síðan sviptur ökuréttindum til bráðabirgða 31. júlí 1972 af lögreglustjóranum í Reykjavík.

III.

Ákærði er, sem fyrr segir, fæddur í Reykjavík 19. ágúst 1946. Móðir hans heitir Iris Dalmar, og var hún gift brezkum liðsforingja. Ákærði var tekinn í föstur og ættleiddur af hjónunum Ólafi Finnboga Ólafssyni og Sólveigu Stefánsdóttur, Víðimel 32 hér í borg, og ólst hann upp hjá þeim.

Rétt þykir að rekja framburð ákærða um menntun hans, störf og sambúð við Ásdísi Báru Magnúsdóttur.

Ákærði naut venjulegrar barnaskólamenntunar og stundaði nám í Stýrimannaskólanum 1½ vetur án þess að ljúka þaðan prófi. Síðar var hann í Bandaríkjunum um 6—7 mánaða skeið og lauk þá prófi sem kafari. Annarrar menntunar hefur hann ekki notið.

Ákærði byrjaði að vinna, þegar hann var 13 ára gamall og stundaði sjómennsku á bátum og togurum sem háseti. Þessi störf stundaði hann, þar til hann fór til Bandaríkjanna. Þegar hann

kom aftur frá Bandaríkjunum, hóf hann störf sem kafari hjá Vita- og hafnarmálastjórn. Starfaði hann sem kafari og við sjómennsku fram til ársins 1969. Auk þess stundaði hann ýmis önnur störf, sem til féllu.

Hinn 19. maí 1969 keypti ákærði ásamt foreldrum sínum Borgarþvottahúsið h/f og var síðan forstjóri þess. Auk ákærða og foreldra hans var sonur hans og fyrrverandi eiginkona hluthafar.

Sumarið 1962 kynntist ákærði Ásdísi Báru Magnúsdóttur, og hittust þau fyrst á Rauфарhöfn. Þar var hún við síldarsöltun, en ákærði á síldarbát, sem lagði þar upp. Kynni þeirra voru óslitin eftir þetta, og árið 1967 gengu þau í hjúskap.

Ákærði hefur skýrt frá því, að það hafi komið fyrir, að þau hjónin hafi lent í átökum vegna ósættis, sem sprottið hafi af deilum vegna fjármála. Segir ákærði þau bæði skapmikil og því hafi þau oft rifizt. Rak Ásdís Bára dansskóla, eftir að þau giftust, og hafði af því tekjur. Sjálfur vann ákærði að eigin áliti fyrir meiri tekjum. Segir ákærði, að leitað hafi verið til sín og foreldra sinna, þegar fjölskyldu Ásdísar Báru skorti fé. Spratt ósætti þeirra oft af því, hversu langt skyldi ganga í þessum efnum. Enduðu deilur þeirra stundum með því, að Ásdís Bára fór frá ákærða. Kom hún að sögn ákærða aftur til hans ýmist fyrir fortölur hans eða ótilkvödd. Ákærði kveðst aldrei hafa beitt Ásdísi Báru hótunum til að fá hana aftur til sambúðar við sig og aldrei hafi hann borið óvildarhug til eiginkonu sinnar fyrrverandi né fyrrverandi tengdafólks síns.

Samkvæmt sakavottorði varð ákærði á árinu 1962 uppvís að þjófnaðarbrotum, og var ákæru á hendur honum fyrir þau frestað skilorðsbundið. Hinn 28. desember 1962 var ákærði dæmdur í 3.500 króna sekt og sviptingu réttar til að öðlast ökuleyfi 1 ár fyrir ölvun við akstur. Hinn 7. marz 1963 var hann dæmdur í 1.500 kr. sekt fyrir áfengis- og umferðarlagabrot og sviptur rétti til ökuleyfis 2 ár. Hinn 8. nóvember 1966 var hann dæmdur í 4.000 króna sekt fyrir ýmis umferðarlagabrot og sviptur ökuleyfi 2 mánuði, og 30. september 1969 sættist hann á greiðslu 5.000 kr. sektar og sviptingu ökuleyfis 8 mánuði fyrir umferðar- og áfengislagabrot. Hann hefur einnig auk þess 6 sinnum sætt sektum fyrir ýmis umferðarbrot og einu sinni fyrir brot gegn lögum 18/1927.

Sumarið 1968 fór fram í sakadómi Reykjavíkur rannsókn út af kærum eiginkonu hans, en þá höfðu þau slitið samvistum um sinn. Sakaði hún ákærða um árásir, ofsóknir og hótanir. Í sam-

bandi við rannsókn þessa athugaði Grímur Magnússon læknir geðheilbrigði ákærða. Segir svo í bráðabirgðavottorði hans, dags. 16. ágúst 1968: „Bráðabirgðarannsókn leiðir ekki í ljós nein geðveikiseinkenni hjá Haraldi, og þótt hann sé ofstopafullur, ofsa-fenginn og vanstilltur í skapi, er það þó ekki umfram það, sem margir eru, og ekki ástæða til að ætla, að hann sé neitt verulega hættulegur umhverfi sínu, svo að nauðsyn beri til að hafa hann í varðhaldi af þeim ástæðum.“ Í lokaskýrslu Gríms um rannsóknina, dags. 27. maí 1969, segir m. a.:

„Geðrannsókn leiðir í ljós, að Haraldur er primitív manngerð, hömlulítill, með ótamið skap, hátt stemmdur, með litla ábyrgðartilfinningu og finnst sér því flest leyfilegt. Eins og fram kemur í æviferli hans, er hann losaralegur og óstöðugur í flestum gerðum sínum, en hvergi kemur fram neinn vitsmunaskortur eða einkenni um geðveiki. Aftur á móti ber skaphöfn hans og hegðanavandkvæði greinilega vott um geðveilu. Hann hefur þó fulla dómgreind á, hvað sé rétt og rangt í hegðun sinni, og telst að fullu sakhæfur.“

Rannsókn þessi leiddi ekki til saksóknar að öðru leyti en því, að ákærði var sektaður fyrir áfengis- og umferðarlagabrot 30. september 1969, eins og áður segir, en rannsóknin hafði einnig tekið til þeirra atriða.

Ákærði og Ásdís Bára hófu sambúð að nýju, en henni lauk með leyfi til algers skilnaðar 24. febrúar 1970. Í marz og apríl það ár bárust lögreglu fjölmargar kærur frá Ásdísi Báru út af margháttuðum ofsóknum ákærða gegn henni. Út af kærum þessum fór fram dómsrannsókn, bæði í sakadómi Hafnarfjarðar og sakadómi Reykjavíkur. Hinn 27. október 1970 samþykkti saksóknari, að máli þessu yrði lokið með sátt, og hinn 10. marz 1971 sættist ákærði á greiðslu 30.000 króna sektar fyrir brot gegn 217. og 231. gr. alm. hegningarlaga og gegn áfengislögum.

Enn á ný hófu þau sambúð eftir fáa mánuði, en henni lauk um miðjan maí 1972 með því, að Ásdís Bára fór til Danmerkur með son þeirra fyrirvaralaust. Ákærði fór þangað á eftir henni, og hinn 13. júní 1972 var ákærði dæmdur í Frederiksberg birkeret í Danmörku í 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. ml. 261. gr. og 266. gr. hegningarlaganna dönsku, þ. e. fyrir frelsissviptingu og hótanir við Ásdísi Báru. Af refsingunni taldist ákærði vera búinn að taka út 26 daga með gæzluvarðhaldsvist sinni, en fullnustu refsingar var frestað að öðru leyti, og skyldi hún falla niður eftir tvö ár, ef ákærði gerðist á skilorðstímanum ekki sekur um refsiverða háttsemi. Sakarefni var það, að ákærði hafði komið

í hús á Friðriksbergi, þar sem Ásdís Bára var þá stödd, og fært hana með valdi út í leigubífreið, sem hann hafði komið í, og látið ökumanninn aka til Helsingør og haldið Ásdísi Báru fastri í bífreiðinni á leiðinni og viðhaft ýmsar hótanir við hana. Er komið var til Helsingør, gat leigubífreidarstjórinn komið því svo fyrir, að ákærði var handtekinn, en ákærði hafði ætlað til þess, að hann færi með ferjunni yfir til Svíþjóðar.

Vitnið Ásdís Bára Magnúsdóttir danskennari, Hjallabraut 19 í Hafnarfirði, hefur gefið lýsingu á sambúð sinni og ákærða. Var hann atvinnulaus í 3 mánuði eða lengur, eftir að þau giftust, og drakk mikið. Þetta gat Ásdís Bára ekki sætt sig við og reyndi eftir getu að tala um fyrir honum og fá hann til að breyta um lífnaðarhætti. Gekk þetta svo langt, að hún leitaði til prests í vandræðum sínum. Mætti ákærði hjá prestinum og lofaði bót og betrun. Upp úr þessu fékk hann vinnu við Sundahöfn við köfun og fleira. Ekki hætti hann þó drykkju og var stundum næturlangt að heiman að skemmta sér. Fyrst bjuggu þau á Víðimel 32 á annað ár, en fluttu þá í Sólheima 27. Á meðan þau bjuggu á Víðimel 32, gekk sambúðin stirt. Segir Ásdís Bára, að ákærði hafi ekki borgað foreldrum sínum húsaleigu og fór sínar eigin leiðir eins og áður. Leitaði Ásdís Bára eftir skilnaði að borði og sæng tvívegis, á meðan þau voru á Víðimelnum. Brást ákærði illa við, og með fortölum, gráti og hótunum fékk hann hana til að hætta við fyrirætlan sína um skilnað. Ásdís Bára kvaðst alla þeirra sambúð hafa unnið úti, og lögðu þau bæði til heimilishaldsins, en mikið fór af tekjum ákærða í áfengi og skemmtanir.

Ásdís Bára rak dansskóla og hafði gert frá því, áður en hún giftist ákærða. Gekk rekstur hans erfiðlega í fyrstu og gaf lítið af sér. Skipti ákærði sér ekki af rekstri skólans, á meðan þannig stóð. Smátt og smátt fór að ganga betur, og eftir því sem betur gekk vildi ákærði hafa meiri afskipti af fjármálum skólans, en Ásdís Bára vildi ekki láta það eftir honum, og af því urðu oft deilur með þeim. Ásdís Bára segir, að ákærði hafi aldrei lagt neitt fé fram til rekstrar skólans. Þessu hefur ákærði mótmælt og talið sig hafa lagt fram fé til hans. Deilur þeirra af þessum sökum og öðrum leiddu aldrei til líkamlegra átaka, nema þegar ákærði var drukinn, en þá lagði hann stundum hendur á Ásdísi Báru.

Ásdís Bára upplýsir, að móðir hennar hafi fyrir mörgum árum fengið lán hjá föður ákærða fyrir milligöngu hans, en um aðra fjárhagsfyrirgreiðslu við fjölskyldu hennar var henni ókunnugt.

Þegar dansskólinn fór að gefa af sér, en það var eftir að ákærði og Ásdís Bára tóku upp sambúð að nýju eftir lögskilnað, aðstoðaði hún móður sína og fjölskyldu fjárhagslega, en yfir því sá ákærði ofsjónum. Hann jafnvel ímyndaði sér stundum, að hún hefði hjálpað þeim, þó að svo hefði ekki verið. Þetta leiddi til rifrildis milli þeirra og handalögmála, þegar ákærði var drukkinn. Ásdís Bára segir, að það, sem runnið hafi til fjölskyldu sinnar, hafi eingöngu verið frá sér komið, en ekki ákærða. Að áliti hennar var aðal-ágreiningssefnið óregla ákærða og lifnaður hans í því sambandi, en þá hvarf hann að heiman, stundum í nokkra daga. Þá var hann mjög illur með víni, og þurftu engin ágreiningssefni til að koma. Allt þetta leiddi til lögskilnaðar þeirra, sem áður er frá greint. Eftir það hófust áðurgreindar ofsóknir ákærða, og leiddu þær til þess, að hún tók á ný upp sambúð við ákærða eftir 3 mánuði, og stóð hún þar til í maí 1972.

Ásdís Bára skýrði frá aðdragandanum að því, að hún tók saman við ákærða að nýju. Hringdi ákærði til hennar og fékk hana niður í Bortarþvottahús undir því yfirskeyni, að þau þyrftu að ræða sameiginleg vandamál eftir sambúðarslitin. Tók hún fram, áður en hún fór, að ekki þýddi að ræða um frekari sambúð, og lofaði ákærði því, að svo skyldi ekki vera. Þegar hún kom í þvottahúsið, fóru þau upp á skrifstofu ákærða, og læsti hann dyrunum og setti lykilinn í vasann. Tók hann þá að ræða um það, að þau færu að búa saman, og þegar hún andmælti, tók hann fram flösku með eter og sagði, að það væri bezt, að þau dæju þá bæði. Hún varð hrædd, og þau lentu í átökum, og gafst hún loks upp og samþykkti að hefja sambúð að nýju, og gerðu þau það síðan. Af og til í þessari sambúð þeirra kom það fyrir, að ákærði lagði hendur á hana og dró hana á hárinu. Ákærði viðhafði þau ummæli, þegar hann var drukkinn, að ef hún færi frá honum, þá yrðu blóðsúthellingar. Þessi ummæli hans komu oft í framhaldi af því, að hún fór út úr íbúðinni, og virtist ákærði þá halda, að hún væri að yfirgefa hann. Á þessu síðara tímabili gætti Ásdís Bára þess að andmæla ákærða sem minnst, og hún lét það óátalið, þótt hann hyrfi í nokkra daga. Var því um fáa árekstra að ræða. Það fór illa með hana að bíða afturkomu ákærða úr drykkjutúrum hans, því að hún gat allt eins átt von á því, að hann væri vitlaus, þegar hann kæmi aftur. Beið hún því færis til að flýja úr sambúð frá honum. Þau fluttu skömmu fyrir lögskilnaðinn úr Sólheimum 27 að Kvisthaga 27 í kjallara, og þar bjuggu þau, þar til hún fór þaðan um miðjan maí 1972. Hafði þeim verið sagt

upp íbúðinni á Kvisthaga 27 frá 14. maí 1972. Var Ásdís Bára ákveðin í því að nota þetta tækifæri til að komast frá ákærða. Fór hún því, eins og áður greinir, fyrirvaralaust laugardaginn 13. maí flugleiðis til Kaupmannahafnar með son þeirra.

Ákærði telur Ásdísi Báru gera of mikið úr drykkjuskap sínum. Hann hafi drukkið, en ekki í svo ríkum mæli, sem hún vill vera láta. Hann fullyrðir, að hann hafi lagt fé til dansskólans og gæti hann e. t. v. sannað, að svo hafi verið, ef á þyrfti að halda. Ákærði heldur fast við það, að hann hafi látið fjölskyldu Ásdísar Báru í té fjárhagslega fyrirgreiðslu. Ákærði telur sig ekki hafa misþyrmt Ásdísi Báru, en segir, að það hafi komið fyrir, að hann hafi ýtt við henni. Þá fullyrðir hann, að hún hafi einu sinni lagt til sín með hníf og hafi lagið komið í kviðinn vinstra megin og bæri hann enn ör eftir það. Hafi þau þá verið að deila. Hún hefur neitað þessu. Þá hefur ákærði mótmælt því, að hann hafi fengið hana til sambúðar við sig með þeim hætti, er hún lýsir, svo og að hafa dregið hana á hárinu eða að hafa rætt um blóðsúthellingar, ef hún færi frá honum. Ákærði og Ásdís Bára voru samprófuð um það, sem á milli bar í framburðum þeirra, og héldu þau bæði fast við framburði sína.

Elín Bjarnveig Ólafsdóttir upplýsir, að ákærði hafi byrjað að hringja í hana og spyrja um Ásdísi Báru sama daginn og hún fór úr landi í maí 1972. Talaði ákærði um, að hann skyldi gera hitt og þetta og að það skyldi verða Elínu Bjarnveigu og fjölskyldu hennar dýrkeypt, ef hann næði ekki í Ásdísi Báru. Þá viðhafði ákærði ýmsar svívirðingar í orðum í garð Elínar Bjarnveigar. Klukkan 1600 greindan dag mun ákærði hafa uppgötvað, að Ásdís Bára var farin frá honum, og eftir það var hann sífellt hringjandi, eins og áður greinir. Jafnframt var hann á ferð umhverfis Yrsufell 11 síðari hluta dagsins og um kvöldið. Næsta dag kom hann drukinn í íbúð Elínar Bjarnveigar og heimtaði að fá að vita, hvar Ásdís Bára væri, og var með ýmsar hótanir, ef hann fengi ekki að vita, hvar hún væri. Við þetta tækifæri braut hann salernissetu með hnefanum og dyrastaf inn í svefnherbergið. Synir Elínar tveir, Ólafur Þór og Gunnlaugur Birgir, tóku ákærða í þetta skipti og róuðu hann. Allan tímann, þar til ákærði fór til Kaupmannahafnar að leita Ásdísar Báru, var hann sífellt hringjandi heim til Elínar Bjarnveigar og spyrjast fyrir um hana. Bað hann blíðlega, grét og hótaði til skiptis. Eina setningu sagði ákærði oft: „Ég hefi eitt ráð til að Bára komi heim.“ Skildi hún þetta svo, að ákærði ætlaði að gera sér eitthvað, og sagði honum því, að það

væri fastmælum bundið milli hennar og Ásdísar Báru, að hún kæmi ekki heim, hvað sem ákærði gerði sér. Elín Bjarnveig vann á Hótel Sögu á aðalbarnum, og þangað kom ákærði oft og starði á hana og fylgdist með öllum hreyfingum hennar langtímum saman.

Ákærði kom á heimili hennar að kvöldlagi, rétt áður en hann fór til Kaupmannahafnar s.l. sumar. Var hann dauðadrukkin og sagði, að hann ætlaði að leita Ásdísar Báru, hvar í heiminum, sem hún væri, en auðveldast væri fyrir hana að segja sér, hvar hún væri. Elínu Bjarnveigu tókst, að því er hún taldi, að telja ákærða ofan af þessari fyrirætlan, og fór hann á brott með kunningja sínum, sem kom að sækja hann. Um miðja næstu nótt kom ákærði aftur dauðadrukkin og fór ekki fyrr en um hádegi næsta dag. Þegar hann fór, þá sagðist hann ætla að leita Ásdísar Báru, hvar sem hún væri, og ekkert mundi stoppa sig. Eftir þetta sá Elín Bjarnveig ákærða ekki, fyrr en hann kom aftur eftir fangelsisdvöl í Danmörku. Hélt hann þá áfram uppteknum hætti að hringja með hótanir um líflát hennar og fjölskyldunnar. Skyldi fjölskyldan ýmist skotin, keyrð niður eða sprengd í loft upp, og stundum tók hann fram, að hann mundi murka úr fjölskyldunni lífið á „mjög frumlegan hátt.“ Virtist ákærði drukkin, þegar hann viðhafði þessar hótanir, en hann neitaði því, þegar það var borið upp á hann. Á milli þess, sem hann hótaði, var hann grátandi. Allt tal ákærða beindist að því, að fjölskyldan hefði milligöngu um, að Ásdís Bára kæmi til hans aftur. Einu sinni sagði ákærði, að hann hefði danska menn, sem hefðu verið með honum í fangelsinu, til að njósna um Báru og ef hún gæfi sig ekki, mundu þeir sjá fyrir henni, án þess að hann yrði bendlaður við það.

Ákærði hefur mótmælt því, að hann hafi viðhaft við Elínu Bjarnveigu eða fjölskyldu hennar hótanir í einni eða annarri mynd. Þá hefur hann mótmælt því að hafa sagt, að hann hefði danska menn, sem njósnuðu um Ásdísi Báru og mundu sjá fyrir henni. Voru þau samprófuð um þetta efni, og héldu bæði fast við framburði sína.

Vitnið Sólveig Stefánsdóttir, kjörmóðir ákærða, segir, að sambúð hans og Ásdísar Báru hafi alla tíð verið stíð. Telur hún ákærða ekki hafa drukkið í neinu óhófi á fyrstu sambúðarárum þeirra. Vill hún telja erfiðleikana í sambúð þeirra ekki síður hennar sök en hans.

Sólveig segir, að ákærði hafi aukið áfengisneyzlu sína mjög,

eftir að hann kom frá Danmörku s.l. sumar, og verið alveg vitlaus, og jafnvel gert tilraunir til að svipta sig lífi. Tók hann of mikið af lyfjum og þurfti að dæla upp úr honum, en ekki veit hún, hversu oft slíkt kom fyrir, enda var hún ekki alltaf nærstödd. Ekki ræddi ákærði við þau hjónin sérstaklega, hvað að honum amaði andlega, en þó kom það fram, að hann saknaði Ásdísar Báru og barnsins. Aldrei heyrði hún hann orða það, að hann ætlaði að vinna þeim nokkurt mein.

Vitnið Ólafur Finnbogi Ólafsson, kjörfaðir ákærða, telur, að í upphafi hafi svo virzt, að ákærði og Ásdís Bára ættu ekki skap saman og gætu ekki verið saman, þó að þau hafi hvorugt virzt geta séð af hinu. Telur Ólafur Finnbogi, að samband Ásdísar Báru við móður hennar hafi verið stór liður í deilum ákærða og Ásdísar Báru. Hafi Ásdís Bára viljað lána móður sinni peninga, en ákærði viljað draga úr því. Þá hafi ákærði verið drykkfelldur í sambúð þeirra og óreiða á fjármálum hans.

Ólafur Finnbogi sagði, að ákærði hafi neytt mikils áfengis, eftir að hann kom frá Danmörku s.l. sumar. Talaði hann mikið um það, að hann vonaðist til að fá aftur til sín Ásdísi Báru og son þeirra. Var þýðingarlaust að koma honum í skilning um, að hann gæti verið án hennar. Aldrei heyrði Ólafur Finnbogi hann tala um neinar sérstakar aðgerðir til að ná því fram, að þau kæmu til hans aftur.

Verða nú raktir framburðir nokkurra vitna um sambúð ákærða og Ásdísar Báru.

Guðný Jóhannsdóttir húsmóðir, Kvisthaga 27, og eiginmaður hennar leigðu ákærða og Ásdísi Báru kjallaraíbúð í húsi sínu nokkuð á 3ja ár, a. m. k. fram til 14. maí 1972. Guðný kvaðst ekkert hafa fylgt með sambúð þeirra og ber þeim báðum hið bezta, aldrei hafi verið hjá þeim hávaði né fyrirgangur. Tvívegis kom Ásdís Bára til hennar og kvaðst vera nervös, þar sem ákærði væri ölvaður. Þá kveður Guðný Ásdísi Báru hafa í nokkur skipti kvartað yfir því, að ákærði beitti hana harðræðum, þegar hann væri ölv-aður. Aldrei kveðst hún hafa heyrt ákærða hafa orð á því, að hann ætlaði að vinna Ásdísi Báru mein eða einhverjum úr fjölskyldu hennar.

Snorri Jens Ólafsson vissi til þess, að Ásdís Bára og ákærði höfðu rifizt mikið í sambúð sinni og vissi um átök þeirra á milli, en sá þau þó aldrei takast á. Snorri Jens segir, að deilur þeirra hafi ekki eingöngu verið öðrum aðiljanum að kenna. Hann heyrði, að fjármál voru ofarlega á baugi, þegar þau rifust. Þá heyrði hann

það á Ásdísi Báru, að áfengisneyzla ákærða væri deiluefni og að hún væri afbrýðisöm. Snorri Jens heyrði bæði upplýsa við sig og aðra, að fyrsta árið, eftir að þau tóku upp sambúð árið 1970, hefði verið bezta árið í sambúð þeirra.

Vitnið Ragnar Aðalsteinn Ingólfsson skrifstofumaður, Ljósheim-um 14 í Reykjavík, hefur um nokkurra ára skeið átt viðskipti við ákærða og því umgengist hann töluvert. Hann hefur upplýst, að ákærði og Ásdís Bára hafi verið að leita fyrir sér um kaup á húsnæði nokkru fyrir áramótin 1971—1972 og aftur á árinu 1972. Var það Ásdís Bára, sem rak á eftir með þessi kaup. Hafði Ragnar Aðalsteinn milligöngu í þessum málum og átti í fótum sínum kauptilboð í húsið nr. 70 við Holtagerði í Kópavogi. Var það dags. 18. nóvember 1971 og sett fram í nafni þeirra beggja, ákærða og Ásdísar Báru. Því var ekki tekið af seljanda. Ræddu þau bæði við hann um fyrirhuguð húsakaup, enda þótt hann hefði ekki milligöngu um gerð kauptilboðs í fleiri tilvikum. Þá voru þau að athuga húsakaup í Garðahreppi með ákveðið hús í huga vorið 1972.

Ákærði og Ásdís Bára fóru til Kanaríeyja nokkrum mánuðum áður en þau slitu samvistum í maí 1972. Segir Ragnar Aðalsteinn, að Ásdís Bára hafi verið sérstaklega ánægð með ferðina og lýst yfir ánægju sinni með ákærða í því sambandi.

Bæði ákærði og Ásdís Bára hafa viðurkennt, að þetta sé rétt. Taldi ákærði þessar húsakaupahugleiðingar merki þess, að Ásdís Bára væri ekki óánægð í sambúðinni við sig, en hún kvað ástæðuna þá, að peningar frá dansskólanum, sem lánaðir höfðu verið Borgarþvottahúsinu, hefðu ekki verið greiddir til baka, en um það hafði verið talað, að þeir yrðu notaðir til að kaupa hús, þegar þeir yrðu endurgreiddir. Notaði Ásdís Bára fyrirhuguð húsakaup til að reka á eftir með að fá peningana til baka frá Borgarþvottahúsinu. Var um að ræða nokkur hundruð þúsund, en ekki tók hún það nákvæmlega saman.

Ákærði mótmælir þessari skýringu Ásdísar Báru og kveður Borgarþvottahúsið ekki hafa skuldað henni fé á þeim tíma, þegar verið var að ræða húsakaup, og því hafi aldrei komið til mála í sambandi við húsakaupin, að með því væri verið að kvitta fyrir skuld Borgarþvottahússins.

Ragnar Aðalsteinn upplýsir, að þegar ákærði kom til landsins aftur um miðjan júní 1972, hafi hann verið drukinn, og megi segja, að hann hafi að mestu verið ofurölvi fram í desember s.l., en þó með smáhvíldum. Var hann því sáralítið við störf í þvotta-

húsinu. Í desemberbyrjun bráði af honum, og var hann nokkuð góður fram í janúar.

Ragnar Aðalsteinn kveðst hafa undir höndum símareikninga fyrir um 23.000 krónur, og voru þeir vegna tilrauna ákærða til að ná símasambandi við Ásdís Bára, á meðan hún var í Kaupmannahöfn og eftir að ákærði kom aftur til landsins eftir fangelsisdvölinu í Danmörku s.l. sumar. Fullyrti ákærði s.l. sumar, að hann mundi fá Báru til sín aftur. Þessar fullyrðingar dofnuðu þó, þegar kom fram á haustið, og voru nánast orðnar að engu, þegar kom fram í desember. Var það vegna þess, að ákærði hafði vitneskju um, að hún væri í tygjum við danskan mann.

IV.

Ásdís Bára kom aftur til landsins miðvikudaginn 10. janúar s.l. ásamt syni sínum og unnusta. Á föstudagsmorgninum kom til hennar með pósti afrit af bréfi, sem ákærði hafði ritað skattayfirvöldum. Var efni bréfsins á þá leið, að dansskóli hennar hefði svikið undan skatti s.l. 2 ár og væri Haraldur Ólafsson fús að veita upplýsingar af því tilefni. Hringdi hún í ákærða eftir móttöku bréfsins og spurði ákærða, hvað þetta ætti að þýða. Svaraði hann því, að hann væri ekkert búinn að senda bréfið og skyldi hún láta sig hafa „viðtalsbil“. Ásdís Bára kvaðst ekkert hafa við ákærða að tala og skyldi hann senda bréfið, ef hann vildi. Á sunnudagsmorgninum hringdi ákærði í hana og spurði, hvers vegna sonur þeirra bæri ekki úr, sem hann hefði gefið honum í jólagjöf. Svaraði hún því til, að úrið væri of stórt. Þegar þau höfðu lokið við að ræða um úrið, hafði ákærði orð á því, að hann hefði séð hana og unnusta hennar, og spurði, hvort hún væri ekki ánægð. Kvað hún svo vera. Rauk þá ákærði upp og sagði, að enginn annar en hann skyldi fá að njóta hennar og peninganna frá danskólanum. Hann hefði engu að tapa og mundi koma. Þá sagði hún, að hann gæti komið, því að nú væru ekki eingöngu konur og börn til að berja. Þá viðhafði hann þau ummæli, að hann skyldi koma „og skjóta ykkur öll“. Sagði hún honum, að hann skyldi þá bara gera það. Var þetta það síðasta, sem hún heyrði frá ákærða.

Ákærði viðurkennir, að hann hafi sent Ásdís Báru afrit af bréfi til skattayfirvalda, sem hann hafi þó ekki sent þeim. Kveðst ákærði hafa gert það til að ýta undir, að Ásdís Bára gengi frá ýmsum fjárhagslegum málefnum þeirra á milli, sem hún hafi neitað að ganga frá. Þá viðurkennir ákærði, að hann hafi talað

við Ásdísi Báru á sunnudeginum, en kveður þau aðeins hafa rætt um úrið og ef til vill hafi hann spurt hana, hvort hún væri gift. Annað væru ósannindi.

Föstudagskvöldið 12. janúar s.l. bauð Guðný Helga Árnadóttir, Vesturbergi 8 í Reykjavík, ákærða á árshátíð Sambandsins, sem haldin var á Hótel Sögu. Þáði ákærði boðið, og meðal annars komu þau saman að bar, þar sem Elín Bjarnveig starfaði. Bað ákærði hana um afgreiðslu, en hún neitaði honum um hana og viðhafði þau orð, að hún afgreiddi ekki svona pakk. Gekk hún síðan burtu, en barþjónninn kom og afgreiddi þau. Annað fór ákærða, Guðnýju Helgu og konunni ekki á milli í þetta sinn.

Ákærði hefur sjálfur staðfest, að ummæli Elínar Bjarnveigar hafi verið á þennan hátt, og Ólafur Finnbogi, kjörfaðir ákærða, upplýsir, að ákærði og Guðný Helga hafi sagt þeim hjónum frá þeim um nóttina, er þau komu heim til þeirra og þágu kaffi.

Elín Bjarnveig hefur mótmælt því, að hún hafi viðhaft framangreind ummæli. Kveðst hún ekki hafa mælt orð frá munni við ákærða og Guðnýju Helgu.

Daníel Stefánsson barþjónn, Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi, starfaði með Elínu Bjarnveigu greint kvöld. Bað hún Daníel að afgreiða ákærða og stúlku, sem með honum var. Heyrði Daníel, að þau töluðust við, en ekki heyrði hann orðaskil. Kvað Daníel Elínu Bjarnveigu hafa verið í óvenjulega miklu uppnámi þetta kvöld. Sagði hún ákærða hafa verið að hringja í sig allan daginn með morðhótanir. Ákærði hefur mótmælt því að hafa hringt til Elínar Bjarnveigar greindan dag.

Vitnið Þórhallur Ölver var í Tónabæ laugardagskvöldið 13. janúar s.l., og rétt eftir að hann kom heim, hringdi síminn. Þá voru auk hans heima Fanney systir hans og Ólafur Finnbogi, sonur ákærða. Fanney fór í símann, og var karlmaður í símanum. Fanney spurði, hver maðurinn væri, en hann sagði, að það kæmi henni ekki við. Tók þá Þórhallur Ölver við símtólinu og talaði við manninn. Maðurinn sagðist vilja vara þau við því, að ákærði væri að leita Ásdísi Báru uppi, og spurði maðurinn þrívegis, hvort hún væri ekki heima. Ekki mundi hann til þess, að maðurinn nefndi, hvað ákærði hefði í hyggju. Sagði maðurinn, að Ásdís Bára mætti vara sig. Maðurinn í símanum sagðist hafa hitt ákærða á Hótel Loftleiðum, og þegar Þórhallur Ölver hringdi í móður sína á Hótel Sögu, hraðaði hún sér heim. Þegar hún kom heim, sagði hún, að ákærði hefði komið á Hótel Sögu. Elín Bjarnveig hringdi

í Ásdísi Báru, sem var stödd í Klúbbnum, og varaði hana við. Ekkert gerðist frekar um nóttina.

Þórhallur Ölver fór út um klukkan 1030 á sunnudagsmorguninn, og þegar hann kom aftur heim um kl. 1130, var Ásdís Bára í símanum, og heyrði hann, að hún ræddi við ákærða. Ekki sagði Ásdís Bára honum, hvað þau ræddu í símanum, en hins vegar heyrði hann á eftir, að hún sagði móður þeirra frá samtalinu. Sagði hún móður þeirra, að ákærði hefði spurt, hvort hún væri gift. Sagðist hún hafa sagt honum, að svo væri, og hefði ákærði þá sagt, að hann ætlaði að koma og skjóta manninn. Þórhallur Ölver sagði, að móðir hans hafi sagt, að ákærði hefði hótad að skjóta sig, eftir að Bára var farin til Kaupmannahafnar í maí 1972. Ekki hafði Þórhallur Ölver heyrt ákærða segja slíkt í sín eyru.

Vitnið Björgvin Björgvinsson lögreglumaður, Yrsufelli 11, er húsvörður í því húsi. Elín Bjarnveig hafði orð á því, þegar hún flutti í húsið, en ekki man Björgviní, hvenær það var, að hún væri hrædd við ákærða, en ekki það hún hann þó ásjár í því efni. Björgvin segir, að hún hafi fyrst leitað til sín um aðstoð um klukkan 22 að kvöldi laugardagsins 13. janúar s.l. Kom þá sonur hennar Þórhallur Ölver til hans í íbúð hans og það hann að koma upp í íbúð móður sinnar og tala við hana þar í símanum. Sagðist hún vera stödd á Hótel Sögu og það hann að róa börnin, þar sem ákærði hefði hringt í þau og verið að hræða þau, en sjálf kæmist hún ekki strax heim vegna vinnu sinnar. Ekki minntist Elín Bjarnveig á það, með hverju ákærði hefði verið að hræða börnin. Björgvin sagði Elínu Bjarnveigu, að hann mundi verða til staðar, þar til hún kæmi heim. Var hann hjá börnunum, þar til hún kom heim, og þá ræddu þau saman. Minntist hún á það, að ákærði væri sífellt að hóta henni og fjölskyldu hennar, en ekki mundi hann nákvæmlega að greina frá því, hvað hún sagði um þessar hótanir. Spurði Elín Bjarnveig, hvort hún mætti kalla á hann, ef hún þyrfti aðstoðar við. Játaði hann því, en ekki það Elín Bjarnveig frekar um aðstoð. Ræddi hún ekkert við hann á sunnudeginum, og hafði hann engin afskipti af hennar málefnum þá.

Ákærði hefur mótmælt því, að hann hafi hringt til Elínar Bjarnveigar greint kvöld.

Vitnið Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn skýrir frá því, að ákærði hafi komið til hans í apríl á s.l. ári og viljað fá byssuleyfi. Bjarki neitaði honum þegar um það, og spurði ákærði um ástæðu þess. Bjarki sagði, að honum ætti að vera beztt kunnugt um það sjálfum. Í framhaldi af því vísaði hann til fyrri viðskipta lögregl-

unnar við ákærða á undanfórnum árum. Varð ákærði ævareiður við neitunina og sneri sér að Bjarka og sagði honum, að hann skyldi verða sér úti um skotvopn engu að síður. Lét ákærði það fylgja, að Bjarki mundi verða sá fyrsti, sem ákærði mundi skjóta. Ákærði var ódrukkinn, en dálítið ör, á meðan viðtal þeirra átti sér stað.

Ákærði hefur mótmælt því, að hann hafi hótað Bjarka greint sinn.

V.

Í sambandi við mál það, sem nú er til meðferðar, var enn látin fara fram rannsókn á geðheilbrigði ákærða, og annaðist Þórður Möller yfirlæknir hana og skilaði um rannsóknina rækilegri skýrslu hinn 30. maí s.l. Hér verður tekinn upp lokakafli skýrslunnar:

„Í stuttu máli er hér um að ræða 27 ára gamlan mann af lítt kunnu faðerni, en af móður, sem hefur til skamms tíma verið drykkfelld og verulega gölluð að persónugerð, óhemja í skapi og viðbrögðum.

Fárna mánaða gömlum er honum komið í fóstur hjá hjónum, sem hafa ættleitt hann og reynzt honum eins og foreldrar, a. m. k. að fórnfýsi öllu frekar en aga. Elst hann þar upp í miklu dálæti sem einbirni og einn á heimilinu frá þriggja ára aldri af börnum til. Er tekið til ofsalegrar frekju frá bernsku. Hann hefur yfirleitt verið sæmilega heilsuhraustur. Þegar hann á að fara að ganga í skóla, kemur í ljós, að hann sinnir honum lítið, og foreldrar hafa ekki einhvern veginn bein í nefinu til þess að halda því að honum. Hann leggst svo fljótlega í óknytti og kemst snemma á blað hjá Barnaverndarnefnd. Af öllu þessu er honum komið, 10 ára gömlum, að Breiðuvík, en hann tollir þar stutt, strýkur og er svo komið á sveitabæ í Svarfaðardal, unír þar ekki heldur, en strýkur út á Dalvík til systur fósturmóður sinnar. Er hann þar um veturinn og gengur í skóla þar og stendur sig reyndar all vel eftir hætti. Að loknum skóla fer hann að vinna eitthvað, en er hverfull við störf og endar svo með því, að hann strýkur suður með vandræðastrák þaðan. Er hann svo í ýmsum störfum og reyndar áframhaldandi óknyttum inn á milli. Næsta haust á að taka til með skólagöngu, og er enn allt á sama veg, og hann fæst eiginlega við allt hugsanlegt annað en skólann. Eftir áramót er honum komið austur í Selvog. Fer ekki sögum af því, hvernig þarvist hans reiðir af, en þaðan lýkur hann a. m. k. barnaprófi um vorið. Um sumarið mun hann hafa verið á handfærum norður á Dal-

vík, en farið á togara um haustið. Um þetta leyti mun hann þegar hafa verið farinn að neyta áfengis og jafnvel fyrr. A. m. k. var hann með pela í fórum sínum, sem hann reyndi að koma með sér, þegar hann fór til Breiðuvíkurdvalar. Á næstu árum er hann býsna óstöðugur við vinnu, og á 13—15 ára aldri fer að bera meira á andfélagslegri hegðun. Sannast á hann 16 innbrot og þjófnaðir á þeim tíma.

15 ára gamall fer hann á síld og kynnist þá stúlku, sem hann fer að búa með fljótlega eftir það og giftist síðar, en hann fer síðan sem skipverji á Bv. Þorstein Ingólfsson og lætur mæta vel af þeirri veru.

Haraldur byrjar síðan á stýrimannaskóla, en lýkur engum prófum. Þegar frá upphafi sambúðar þeirra Báru, en svo nefnist stúlkann, er samkomulagið erfitt og öldurnar rísa hátt. Endar með því, að hann fer út til Kanada, hugsanlega með það fyrir augum að slíta sambúð við Báru. Er hann þar hjá fóstursystur sinni, sem hann hafði reyndar heimsótt áður 11 ára gamall. Þar kemst hann á kafaraskóla, eða námskeið, og heldur því fram, að hann hafi lokið því námi með ágætum. Má svo vera, þó það hafi þá verið eina námið, sem hann hefur stundað með teljandi árangri.

Eftir það kemur hann svo heim aftur og tekur að nýju saman við Báru og stundar köfun um sinn og giftist svo Báru, sem þá gekk með barn þeirra.

Fékk hann nú áhuga á fljótteknara fé, komst í samband við lögfræðing nokkurn og settu þeir upp „innheimtuskristofu“. Lagði Haraldur fram þar einhverja verulega fjármuni, sem fósturforeldrar lögðu honum til. Ekki mun sú starfsemi hafa orðið honum fépúfa, og hann jafnvel missti allt það fé, sem hann lagði fram. Hann varð sér úti um réttindi í skipsflaki á sjávarbotni úti við Englandsstrendur, en hafði ekkert upp úr því nema „köfunarveiki“, sem hann segist hafa verið nokkuð hætt kominn af. Mun hann reyndar hafa fengið slíkt áfall einu sinni áður. Gengur nú æ erfiðara með þeim Báru og endar með því, að þau skilja að borði og sæng 1968. Ekki stendur sá skilnaður nema smá tíma, og reyndar fæst ekkert form á hann öðru vísi en að Bára fer af heimilinu, en hún er svo komin aftur eftir stuttan tíma, en allan tímann, heima og heiman, er Haraldur í sífelldum eltingi við hana. Fyrst á árinu 1970 var svo gengið frá skilnaði, sem þó komst ekki öðru vísi í gegn en að Haraldur játaði á sig hjúskaparbrot. Daginn eftir var hann svo fluttur meðvitundarlaus á Slysavarðstofu eftir að hafa hellt í sig heilmiklu sterku víni og gleypt 130 róandi töflur ásamt

slatta af vítamínum. Hann rankar svo við sér eftir nóttina og er þá þotinn á samri stundu þrátt fyrir aðvaranir lækna.

Hann er svo að heiman, e. t. v. í nokkrar vikur, eða jafnvel mánuði, en síðan taka þau enn saman og búa nú saman til 1972 og búnaðist e. t. v. hvað skást á þessum tíma, a. m. k. að því er Haraldur segir. Þó sigur á ógæfuhliðina, þegar á líður, og fyrir miðjan maí 1972 fer Bára þegjandi og hljóðalaust til Kaupmannahafnar. Haraldur getur nasað hana uppi þar og er kominn á hæla hennar eftir 4 daga og fer nú ekki gáfulegar að en það, að hann reynir að koma henni burt með sér, nauðugri, með ofbeldi. Af þeim sökum er hann svo fangelsaður og situr þar tæpan mánuð, en er svo vísað úr landi.

Síðan hefur Haraldur verið við linnulausa drykkju, meiri og minni. Eitthvað stytta upp í nóvember, en fór í óefni að nýju. Var Haraldur þá að reyna að koma einhvers konar lagi á fjárreiður fyrirtækis, sem hann og foreldrar hans keyptu, eða þau fyrir hann, því sjálfur var hann févana með öllu. En það mun hafa verið hægara sagt en gert að henda einhverjar reiður á allri þeirri óreiðu. Eftir áramótin, eða 10. janúar, kom Bára heim til Reykjavíkur að nýju með dönskum manni, unnusta sínum, og syni þeirra Haralds, og á 4. degi dynja ósköpin yfir eftir nokkrar símhringingar og hótanir, sem ekki voru teknar allt of alvarlega, Haraldur hafði þá hótað áður. Haraldur ryðst þá inn í fjölbýlishús í Breiðholti, þar sem móðir Báru býr, og sennilega í leit að henni, vopnaður tvíhleyptri haglabyssu, sem hann hafði tekið traustataki á leiðinni, ásamt skotfærabirgðum, skjótandi til hægri og vinstri, þar sem lokaðar dyr voru fyrir honum, eða jafnvel menn. Endaði með því, áður en hann var yfirbugaður, að hann særði tengdamóður sína fyrrverandi, þó mikið megi heita, hvað hún slapp frá tveim eða þremur haglaskotum, en særði son tengdamóður lítilega af tréflísum úr hurð, sem hann skaut í gegnum, en hefði allt eins getað orðið drengnum að bana, ef svo hefði viljað til, en hann skaut síðan fót undan manni, sem reyndi eitt-hvað að hindra hann á leið hans, en aðallega í sjálfsvörn.

Niðurstaða mín er því:

Haraldur Ólafsson er hvorki geðveikur maður né fáviti né heldur teljandi „taugaveiklunareinkenni“, heldur geðvilltur maður *haldinn verulegum skapgerðargöllum, sem einkennast af áberandi hömluleysi og ofstopa, sjálfmiðaður með ólíkindum, og þá oft og einatt með verulegum dómgreindarskorti*. Öll verða þessi ein-

kenni margfalt verri við áfengisáhrif, en Haraldur hefur drukkið verulega um árabíl, drykkjan hefur farið versnandi.

Fundist hafa vefrænar breytingar í heila, sem eru í talsverðu samræmi við hegðunarmynstur Haralds, og má benda á nokkrar líkur að uppruna þeirra breytinga (köfunarveiki tvisvar á árabílinu '66—'68). Hins vegar er þess að gæta, að skapgerðargallar Haralds hafa verið áberandi frá bernsku.

Þegar meta skal sakhæfi Haralds, má ljóst vera, að hann var mjög drukinn 14. 1. '73, en það telst ekki rýra sakhæfi manns, jafnvel þó viðbrögð hans séu fjarstæðukennd, nema þá að þar sé eitthvað alveg nýtt uppi á teningnum, sem ekki hafi komið fyrir áður.

Hitt er þá einnig ljóst, að Haraldur mætti þekkja sjálfan sig af því að vera algerlega hömlulaus ofstopamaður undir áfengisáhrifum, þegar því er að skipta, og verður að teljast mesta mildi, að hann hefur ekki orðið til meiri háttar líkamsmeiðinga áður. Einnig skilur hann fullkomlega, a. m. k. að forminu til, samhengið milli skotárásar og sektardóms.

Um hitt viðhorfið, hvort ætla megi eftir atvikum „að refsing geti borið árangur“, er allt erfiðara að tjá sig, og raunar varla nokkur leið, en það verður þó varla talið allt of sennilegt í þessu tilviki, svo mikil sem þau líkindi kunna að vera almennt.“

Niðurstöður.

a) Atferli ákærða í Yrsufelli 11.

Ákærði hleypti skoti úr haglabyssu gegnum dyr að íbúð Elínar Bjarnveigar Ólafsdóttur, enda þótt hann vissi, að Elín Bjarnveig og Þórhallur Ölver, sonur hennar, voru þar fyrir innan og því mestar líkur til þess, að skotið gæti orðið þeim að bana, öðru hvoru eða báðum. Þá hleypti hann þremur skotum gegnum eldhúsdyr, eftir að Elín Bjarnveig hafði flúið þangað inn, og enn hleypti hann skoti á eftir henni, er hún flýði úr íbúðinni. Líta verður á allar þessar athafnir ákærða sem tilraun til manndráps og refsa honum fyrir brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr. alm. hegningarlaga. Það ákvæði tæmir hins vegar sök ákærða að þessu leyti, þannig að honum verður ekki jafnframt refsað samkvæmt 217. né 220. gr. hegningarlaga. Ekki verður talið sannað, að ásetningur ákærða til brotanna hafi orðið til, fyrr en hann kom á staðinn. Ákærði brauzt inn í íbúð Sigrúnar Indriðadóttur og beindi hlaðinni haglabyssu að fólki því, sem þar var fyrir, og er Hafsteinn Jósefsson greip til byssunnar, hljóp skot úr henni og kom í fót

Hafsteini með þeim afleiðingum, að taka varð fótinn af. Óvarlegt þykir að telja fullsannað, að ákærði hafi hleypt af skoti þessu af ásetningi, og verður honum að þessu leyti refsað samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga. Þar sem ákærði stofnaði lífi þeirra, sem fyrir voru í íbúð Sigrúnar, í hættu á mjög ófyrirleitinn hátt, ber einnig að refsa honum samkvæmt 4. mgr. 220. gr. alm. hegningarlaga.

b) *Taka á skotvopni.*

Ákærði fór í heimildarleysi inn í íbúð Snorra Jens Ólafssonar í Nökkvavogi 62 og tók þar skotvopn það, er hann síðar beitti í Yrsufelli 11. Telja verður, að hann hafi beinlínis tekið byssuna til þessara nota, en ósannað, að hann hafi haft í hyggju að slá eign sinni á hana. Þykir því rétt að telja þetta atferli ákærða varða við 259. gr. alm. hegningarlaga, en eigi við 244. gr.

c) *Ölvun við bifreiðarstjórn.*

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum, að hinn 21. júní 1972 ók hann bifreið frá Nausti við Vesturgötu um Hafnarstræti og Hverfisgötu og var undir áhrifum áfengis við aksturinn. Þegar litið er til alkóhólmagns í blóði hans (1.54‰), þykir atferli þetta varða við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Í ákæru er ölvunarakstur ákærða einnig talinn varða við 24. gr. áfengislaga.

Samkvæmt 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga varðar ölvun við bifreiðarstjórn eigi lægri refsingu en varðhaldi, ef brot er ítrekað eða ef alkóhólmagn í blóði nr 1.20‰. Ölvunarakstur varðar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga svipting ökuleyfis eigi skemur en mánuð, en þó 1 ár hið minnsta, ef alkóhólmagn í blóði nær 1.20‰.

Samkvæmt 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga varðar ölvun við stjórn ýmissa tækja, m. a. bifreiðar, hins vegar 1.000—5.000 kr. sekt við fyrsta brot, en öðru sinni 2.000 —10.000 kr. sekt. Ökuleyfis svipting verður samkvæmt 24. gr. eigi dæmd skemmri tíma en 3 mánuði.

Ákvæði umferðarlaga og áfengislaga um ölvunarakstur eru þannig í algeru ósamræmi, og verður að álitu dómsins eigi beitt samtímis.

Þegar sett voru ákvæði umferðarlaga 26/1958 um þessi efni, voru jafnframt felld úr gildi fyrri ákvæði bifreiðalaga, en aftur á móti láðist að nema úr gildi 24. gr. áfengislaga, að því er hún tók til bifreiðarstjóra. Eigi er þó efamál, að hin nýju ákvæði umferðarlaga felldu hana úr gildi að þessu leyti, og viðurlög hafa

síðan ævinlega verið miðuð við þau mörk, sem í umferðarlögum greinir, en eigi fylgt ákvæðum áfengislaganna. Ekki hefur orðið breyting á, þótt umrædd lög hafi síðan verið gefin út á ný (umferðarlög 40/1968, áfengislög 82/1969).

Dómurinn lítur svo á, að um ölvun við akstur bifreiðar skuli beita hinum sérhæfðu ákvæðum umferðarlaga framar hinum almennari ákvæðum áfengislaganna um stjórnendur ýmissa vélknúinna tækja. Verður 24. og 45. gr. áfengislaga þannig taldar marklausar, að því er varðar bifreiðarstjóra, og ákærði þannig ekki dæmdur samkvæmt þeim.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja um andlegt ástand ákærða, verður að telja, að hann sé sakhæfur þrátt fyrir geðveilu sína og stórfellda vankanta í skapgerð.

Ljóst er, að ákærði hefur verið mjög undir áhrifum áfengis, er hann framdi afbrot sín hinn 14. janúar s.l. Það leysir hann þó ekki undan refsingu, sbr. 17. gr. alm. hegningarlaga.

Svo sem fyrr var frá greint, var ákærði hinn 13. júní 1972 dæmdur í Frederiksberg birkeret í 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 261. og 266. gr. dönsku hegningarlaga, en ákvæði þessi svara öldungis til 226. gr. og 233. gr. hegningarlaga 19/1940. Ákærði hefur nú rofið skilorð dóms þessa.

Samkvæmt 60. gr. alm. hegningarlaga og með hliðsjón af 2. tl. 5. gr. sömu laga þykir rétt að dæma ákærða í þessu máli í einu lagi í refsingu fyrir brot þau, sem hann var dæmdur fyrir í Frederiksberg birkeret, auk brota þeirra, sem hann nú er saksóttur fyrir.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga ákveðin fangelsi 12 ár.

Ákærði hefur sætt gæzluvarðhaldi síðan 15. janúar s.l., þ. e. 176 daga, og er samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga rétt að ákveða, að vist þessi dragist frá refsingu hans. Í dómi Frederiksberg birkeret var ákveðið, að 26 dagar af refsingunni teldust teknir út með gæzluvarðhaldsvist ákærða, og er rétt, að ákvæði þetta haldist, þannig að alls dragist 202 dagar frá refsingu ákærða.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi sínu ævilangt frá 31. júlí 1972 að telja, en þá var hann sviptur ökuleyfinu til bráðabirgða. Samkvæmt 5. mál. 81. gr. umferðarlaga og lögum 82/1961, 178. gr. i. f., ber að ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Samkvæmt 141. gr. laga 82/1961 ber að dæma ákærða til þess

að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málssóknarlaun og málsvarnarlaun.

Málssóknarlaun verða ákveðin kr. 90.000.00. Af hálfu ákærvaldsins flutti Jónatan Sveinsson saksóknarfulltrúi málið, og renna málssóknarlaun því til ríkissjóðs, sbr. 1. mgr. 143. gr. laga 82/1961.

Skipaður verjandi ákærða var Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, og var hann einnig réttargæzlumaður ákærða, meðan rannsókn málsins stóð yfir. Þóknun til hans fyrir réttargæzlu og málsvörn verður ákveðin samtals kr. 150.000.00.

Sverrir Einarsson sakadómari hafði rannsókn máls þessa með höndum. Eftir höfðun málsins var ákveðið, að málsmeðferð yrði í höndum þriggja sakadómara samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga 82/1961. Dóminn skipuðu í fyrstu Þórður Björnsson yfirsakadómari og sakadómarnir Jón A. Ólafsson og Sverrir Einarsson, hinn fyrstnefndi sem dómsformaður. Hinn 27. júní ákvað Þórður Björnsson, sem þá hafði verið skipaður saksóknari ríkisins frá 1. júlí að telja, að víkja úr dóminum, og tók Halldór Þorbjörnsson sakadómari þá sæti hans sem dómsformaður.

Dómsorð:

Ákærði, Haraldur Ólafsson, sæti fangelsi 12 ár. Gæzluvarðhaldsvist hans, samtals 202 dagar, komi refsingunni til frádráttar.

Ákærði er frá 31. júlí 1972 sviptur ökuleyfi sínu ævilangt. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 90.000.00, og réttargæzlu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 150.000.00.